

# Skýrsla um stefnumótun Álfhólsskóla skólaárið 2010 - 2011

Samantekt á niðurstöðum stefnumótunarfunda  
með starfsfólki 3. janúar 2011 og foreldrum 14. mars 2011



Höfundur skýrslu:  
Brynja Dís Björnsdóttir  
Verkefnastjóri Álfhólsskóla  
September 2011

## Álfhólsskóli



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR .....</b>	<b>1</b>
<b>1 FUNDUR MEÐ STARFSFÓLKI 3. JANÚAR 2011 .....</b>	<b>2</b>
1.1 KYNNING.....	2
1.2 FRAMKVÆMD.....	2
1.3 ÞÁTTAKA .....	2
1.4 ÚRVINNSLA.....	3
1.5 KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM.....	3
<b>2 NIÐURSTÖÐUR FUNDAR MEÐ STARFSFÓLKI .....</b>	<b>4</b>
2.1 SVÓT.....	4
2.2 HVERNIG HEFUR SAMEININGIN GENGID?.....	12
2.3 EINKUNN ÁLFHÓLSSKÓLA.....	16
2.4 GILDI .....	19
<b>3 FUNDUR MEÐ FORELDRUM 14. MARS 2011.....</b>	<b>23</b>
3.1 KYNNING.....	23
3.2 FRAMKVÆMD.....	23
3.3 ÞÁTTAKA .....	23
3.4 ÚRVINNSLA.....	24
3.5 KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM.....	24
<b>4 NIÐURSTÖÐUR FUNDAR MEÐ FORELDRUM .....</b>	<b>25</b>
4.1 SVÓT .....	25
4.2 HVERNIG HEFUR SAMEININGIN GENGID?.....	32
4.3 HVERNIG SJÁUM VIÐ FORELDRA KOMA AÐ STARFI SKÓLANS? .....	35
4.4 HVAÐ MYNDI GERA ÞIG STOLTA/N AF ÁLFHÓLSSKÓLA? .....	37
4.5 HVAÐA SKILABOÐUM VILT ÞÚ KOMA TIL STJÓRNENDA? .....	41
<b>5 VIÐHORFSKÖNNUN – FORELDRAR .....</b>	<b>46</b>
5.1 KYNNING.....	46
5.2 FRAMKVÆMD.....	46
5.3 ÞÁTTAKA .....	46
5.4 ÚRVINNSLA.....	46
5.5 KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM.....	46
<b>6 NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR.....</b>	<b>47</b>

# Inngangur

Við sameiningu Hjalla- og Digranesskóla 15. apríl 2010 ákváðu skólastjórnendur í samráði við bæjaryfirvöld að skólasamfélagið tæki virkan þátt í stefnumótun hins nýja skóla með þátttöku foreldra og starfsfólks.

Boðað var til fyrsta stefnumótunarfundar hins nýja skóla 26. apríl 2010 þar sem foreldrar og starfsmenn áttu sameiginlegan vinnufund. Niðurstöður hans voru kynntar á heimasíðu skólanna í júní 2010.

Tveir stefnumótunarfundir voru á starfsáætlun skólaársins 2010 – 2011 og voru þeir kynntir í Fréttabréfi Álfhólsskóla 2. tbl., 17. nóvember 2010 og 4. tbl., 8. febrúar 2011. Fyrri fundurinn var dagsettur 3. janúar með starfsfólki þar sem áætlað var að vinna með gildi og greiningu á ytri og innri þáttum í starfsemi skólans (SVÓT). Seinni fundurinn sem dagsettur var 14. mars var ætlaður sem sameiginlegur vinnufundur starfsfólks og foreldra um stefnumótun skólans. Niðurstaðan varð hins vegar sú að halda seinni fundinn án starfsfólks. Ástæður þess voru aðallega tvær:

1. Stjórnendum þótti rétt að foreldrar fengju að svara svipuðum spurningum og starfsfólk gerði á fundinum 3. janúar og því var óþarfi að starfsfólk sæti annan slíkan fund.
2. Starfsdagar höfðu verið þaulskipulagðir vegna sameiningarinnar allt skólaárið og kennarar óskuðu ítrekað eftir starfsdegi án skipulagðarar dagskrár, til undirbúnings kennslu og samstarfi.

Markmið þessarar skýrslu er að vera ítarleg ítarleg samantekt á öllum niðurstöðum stefnumótunarfundanna, með starfsfólki 3. janúar 2011 og með foreldrum 14. mars 2011. Einnig eru birtar í þessari skýrslu heildarniðurstöður viðhorfskönnunar sem send var foreldrum sem þátt tóku í fundinum 14. mars. Tilgangur skýrslunnar er eingöngu að birta niðurstöður en ekki leggja mat á þær.

# 1 Fundur með starfsfólki 3. janúar 2011

## 1.1 Kynning

Allir starfsmenn skólans, 120 talsins, voru boðaðir á stefnumótunarfund starfsfólks. Fundurinn var kynntur á starfsáætlun skólans, með *Vikupósti* (innanhússfréttabréfi skólans) og í netpósti til starfsfólks fyrir jólafrí.

## 1.2 Framkvæmd


Starfsfólk Álfhólsskóla hóf störf eftir jólaeyfi með þátttöku í stefnumótunardegi þann 3. janúar 2011 undir stjórn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar, dósentis við HÍ. Fundurinn var haldinn í Hjalla og var boðað til hans kl. 8:30 – 16:00. Honum lauk fyrir, eða um kl. 15:00. Starfsmönnum var skipt upp í 19 hópa og var unnið með eftirfarandi spurningar:

1. Hvaða styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri sérð þú í starfi Álfhólsskóla í dag? (SVÓT) (Einstaklingssvör – miðar)
2. Hvernig hefur sameiningin gengið?
  - Hvað hefur gengið vel?
  - Hvað mætti gera betur?
3. Hvaða einkunn gefur þú skólanum þínum?
4. Hvað þarf til að hækka þá einkunn?

Jafnframt unnu starfsmenn með gildi skólans. Samantekt á alls 67 gildum var afhent öllum hópum sem innlegg í þá umræðu. Hver hópur tók umræðu um þau gildi sem hverjum og einum fannst mikilvæg og skilaði að lokum tillögum að þremur gildum og stuttri greinargerð á innihaldi og þýðingu hvers gildis fyrir skólann.

## 1.3 Þátttaka

Alls mættu og tóku þátt 98 af 120 starfsmönnum skólans eða 82% (sjá mynd 1).



Mynd 1 Hlutfall og fjöldi þátttakenda úr hópi starfsfólks í stefnumótun Álfhólsskóla

## 1.4 Úrvinnsla

Verkefnastjóri Álfhólsskóla bar ábyrgð á úrvinnslu gagna eftir fundinn og framsetningu þeirra. Öll svör og athugasemdir voru flokkuð í eftirfarandi efnisflokkum samkvæmt ritinu *Leiðbeiningar um sjálfsmat skóla, drög*, gefið út sem handrit af íslenska matsfræðifélaginu 2010:

- Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta
- Nám og námsárangur
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Stjórnun
- Viðmót og menning skóla
- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og skóla
- Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaáðgerðir – þróunarstarf
- Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma

Efnisflokkarnir ná yfir allt skólastarf eins skóla og gefa niðurstöðurnar því stöðumat á viðhorfum fólks gagnvart skólastarfinu og sameiningunni á fyrsta starfsári skólans.

## 1.5 Kynning á niðurstöðum

Verkefnastjóri kynnti niðurstöður stefnumótunarfundarins á starfsmannafundi þann 17. febrúar. Jafnframt voru þær sendar starfsfólki og bæjaryfirvöldum eftir fundinn til upplýsingar. Bæjaryfirvöld óskuðu eftir frekari kynningu og útskýringum á niðurstöðum fundarins og sáu skólastjórar um þá kynningu.




## 2 Niðurstöður fundar með starfsfólki

### 2.1 SVÓT




SVÓT – vinnan fólst í því að finna hvaða styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri þátttakendur sæju í starfi Álfhólsskóla í dag. Allir þátttakendur fengu Post-it miða í fjórum litum og var einn litur fyrir hvern þátt. Hver og einn vann sjálfstætt og leyfilegt var að setja fram eins marga miða og hver vildi en aðeins mátti skrifa eitt atriði á hvern miða. Heildarfjöldi SVÓT miða eftir vinnu starfsfólks voru 828, 240 miðar höfðu verið settir undir styrkleika, 154 undir tækifæri, 207 undir veikleika og 227 undir ógnir (sjá mynd 2).




Mynd 2 Skipting miða á milli þátta

Í úrvinnslunni miðaðist flokkun miðanna við leiðbeiningarrit Matsfræðifélagsins (sjá kafla 1.4). Mynd 3 sýnir hvernig miðarnir raðast á hvern þátt. Matsþátturinn *Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf* er með flesta miða samtals (330 miðar) og því fremstur en matsþátturinn *Kennsla* með fæsta (7 miðar) og því síðstur. Hér á eftir er gerð grein fyrir öllum niðurstöðum hvers matsþáttar. Byrjað er á þeim þætti sem flesta miða fékk (1. Starfsfólk) og endað á þeim sem fæsta miða fékk (13. Kennsla).



Mynd 3 Röðun allra SVÓT miða starfsfólks eftir efnisflokkum

### 1. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (330 miðar)



Langflestir miðar í SVÓT vinnu starfsfólks féllu undir flokkinn STARFSFÓLK, eða alls 330 miðar.

Þar af voru rúmlega helmingur þeirra styrkleikar eða 178 miðar. Helstu styrkleikarnir voru gott starfsfólk (38), jákvæðni (18), samvinna (12), fjölbreytt starfsfólk/fjölbreytileiki (12), mannauður (10) og góður starfsandi (10). Einnig vinnusemi (7), reynsla/starfsreynsla (7), mikil þekking (7), fagmennska (6), hjálpsemi (6), umhyggja (4), nýir vinir/vinátta (4), bjartsýni (3), gleði (3), umburðarlyndi (3), öflugur starfsmannahópur(3), hæft starfsfólk (2), áhugasamt starfsfólk (2), vinnugleði (2), samheldni (2), víðsýni (2), traust (2) og þolinmæði (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: metnaðarfullt starfsfólk, ánægja, tillitssemi, vilji, kærleikur, skilninigur, velvilji, jafnrétti, virðing, framsýni og vídd.




Tækifæri (69) voru helst í samstarfi og samvinnu (17), mannauði og þekkingu (13) og framþróun/áræðni/metnaði/ víðsýni/ hugrekki (10). Einnig jákvætt viðhorf (5), gott/ betra starfsfólk (4), kynast nýju fólki/vinir vegna sameininga (3), byggja upp góðan vinnustað (2), nýtt starfsfólk – ný menning (2), hugmyndaauðgi starfsfólks (2), samstaða (2) og jafnréttisáætlun (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: meiri vinna, hlúa að kennurum og öðru starfsfólki, öflugt starfsmannafélag, ný reynsla, hægt að læra nýja hluti, hópefli erlendis og hugarfarsbreyting.

Veikleikar (64) voru flestir tengdir neikvæðni/nöldri/tuði/svartsýni, baktali (19), ókurteisi/virðingaleysi/tillitsleysi/slæmri umgengni (12) og vanlíðan/óttá/öryggisleysi (9). Einnig gömlum klíkum – mitt/okkar (5), skorti á trausti/tortryggni/ósætti (4), kurteisi (2), skorti á samheldni/skilningi (2) og of lítilli samvinnu (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: Fjöldi starfsmanna, forföll/veikindi, tilfinningahiti, fordómar, stéttarskipting, ójafnrétti, mismunun starfsfólks frá stjórnendum, vantar meiri hópefli starfsfólks, vinnusemi.

Ógnir (19) tengdust helst þreytu starfsfólks/vinnuálagi/óánægju (5) og neikvæðu samstarfsfólki/ baktali (5). Einnig íhaldsemi venjur (3), dónalegt/orðljótt samstarfsfólk (3), hugmyndaafátækt/kassahugsun (2) og ótti við breytingar (1).


## 2. Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið (124)



Næst flestir miðar féllu undir YTRI TENGLI og féllu þeir allir undir ógnir eða 124.

Langflestar ógnir tengdust niðurskurði, sparnaði samdrætti og fjárhagserfiðleikum Kópavogsbæjar (81). Aðrar ógnir voru m.a. uppsagnir/atvinnuóöryggi/óvissa (21) og erfiðleikar, samdráttur, verðhækkningar (7). Einnig neikvæð umræða um skólamál (3), vanþekking (yfirvalda) á skólastarfi (3), léleg fréttamennska (2), óstöðugleiki (2), neikvæðni (2) og siðferðisbrestur/agaleysi (2) og misvitrum stjórnámálumönnum (1).

## 3. Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta (97)



Flestir miðar varðandi STARFSÁÆTLUN féllu undir veikleika (37) og tækifæri (36).


Flestir veikleikar féllu undir ónógt upplýsingaflæði/samskiptaleysi (14) og agavandamál/agaleysi (14). Aðrir veikleikar voru of hraðar breytingar (2) og hávaði (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: erfitt að fylgja eftir einstaklingsmálum, of aðskilin starfsemi, meiri óregla, tætingisleg stundartafla og stundvísi.

Tækifærin (36) birtust flest í fjölbreytni skólans vegna stærðar (16). Einnig þekkingu og reynslu beggja skóla (7), betra upplýsingaflæði (4) og endurskipulagningu (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: burt með hefðbundna stundarskrá, endurnýjun, hlúa að innra starfi skólans, meira flæði milli skólahúsa, bæta samskipti, gera starf okkar sýnilegra og herða að með svala, gos og sælgætismál.

Styrkleikar (24) voru í góðri/öflugri sérkennslu (8) og fjölmenningu (4). Einnig umhyggju fyrir hag/vellíðan nemenda (3), sérkennslu/aðstoð (3) og góðri nýbúadeild (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: Virðing fyrir sérþörfum, deildarstjóri sérkennslu, sérdeild og vikupóstur.

Engar ógnir komu undir starfsáætlun.

#### 4. Viðmót og menning skóla (50)



Flestir miðar varðandi VIÐMÓT OG MENNINGU SKÓLA féllu undir veikleika (24) og ógnir (19).

Helstu veikleikarnir voru í tveim skólabyggingum (9) og of stórum skóla (9). Einnig að erfitt sé að fá yfirsýn (2), tveim skólum (2), gamaldags (1) og þekking (1),


Helstu ógnir fólust í einelti (3), tillitsleysi/ virðingaleysi (3) og skorti á samstöðu (3). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: siðferði ekki í lagi, skortur á aga, sundurlyndi, fláræði (undirferli), misskipting, fordómar, metnaðarleysi, vanvirðing fyrir eigin starfi, þjófvar og upplausn í

starfsumhverfinu.

Tækifærin (4) birtust í góðum heilsteyptum skóla (3) og gagnkvæmri virðingu (1).

Styrkleikarnir (3) fólust í stærðinni (2) og gömlum grunni (1).

#### 5. Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar og tíma (48)



Flestir miðar varðandi RÁÐSTÖFUN fjármagns, mannauðs, búnaðar og tíma féllu undir ógnir eða 30.

Helstu ógnir voru stærri bekkir/nemendahópar (12) og að sérkennsla/stoðþjónusta verði skert (7). Einnig að fag/verkgreinar verði skertar/lagðar niður (4), stytting skólaárs (3), lág laun kennara/stuðningsfulltrúa (3) og niðurskurður á námsgögnum(1).


Veikleikar (14) tengdust flestir niðurskurði/fjárskorti/ lágum launum (6). Einnig of mikilli fundarsetu (2) og að of lítill tími sé til skipulagsvinnu vegna kennslu (2). Eftirtöld

atriði fengu einn miða hvert: vantar ritara í Digranesi, fáir skólaliðar, starfsmannakynningar og ónógir hvíldar- og vinnutímar.

Styrkleikar (3) voru fólgðir í fjölda starfsmanna (2) og góðum húsverði (1).

Tækifæri (1) fólust í að spara fjármuni í rekstri skólans (1).

## 6. Stjórnun (43)



Flestir miðar varðandi *STJÓRNUN* féllu undir veikleika (25).


Helstu veikleikar voru tengdir of miklu álagi á stjórnendum/ósýnileiki (7), tveim skólastjórum (5), of mörgum stjórnendum (4) stjórnun skólans (4) og óskýrri verkskiptingu deildarstjóra (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: öryggi deildarstjóra (venjur ofl.), ákvarðanafælni og erfiðari stjórnun vegna stærðar skólans.

Helstu ógnir (13) fólust í að stjórnendur séu ekki sýnilegir/uppteknir/fjarlægir hinum almenna starfsmanni (4) og slæmu skipulagi/samráðsleysi (3). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: óskýr stefna og markmið, vinnuálag á haustdögum, stjórnendur vita ekki hvað er að gerast í hinu húsinu, líttill sveigjanleiki, fækkun stjórnenda/óvissa og hvernig verður skólanum stjórnað á næstu árum.

Tækifærin (3) fólust í bættri stjórnun (1), teymisstjórnun (1) og fagstjórum (1).

Styrkleikar (2) voru í stjórnendum (1) og hlýjum skólastjóra (1).

## 7. Aðbúnaður (38)



Flestir miðar varðandi *AÐBÚNAÐ* féllu undir veikleika (24).


Helstu veikleikar tengdust lélegri vinnuaðstöðu/húsnæðisleysi (14). Einnig ljósritunarvélar/tölvur/tækjaskortur (4), matsalur/salur í Digranesi (2), mötuneyti (2), vantar fundaraðstöðu (1) og léleg umhirða á salernum nemenda (1).

Ógnir (8) tengdust flestar tveim húsum (2) og aðstöðuleysi (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: vantar stórar/góðar skólastofur, matsalurinn í Digranesi, kuldi í Digranesi og umferðarmál við skólann.

Styrkleikar (7) fólust í góðri vinnuaðstöðu (3) og góðu aðgengi í matsal/aðgengi fatlaðra (2). Einnig umhverfið (1) og skólahverfið (1).

Engin tækifæri féllu undir aðbúnað.

## 8. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (27)



Flestir miðar varðandi NEMENDUR féllu undir veikleika (10) og styrkleika (7).


Veikleikar tengdust helst of mörgum nemendum/hópum/bekkjum (6). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: skipting í bekki tókst misvel, mætti hugsa oftar um hag nemendanna, yngri nemendur kynnast ekki unglingum/ eru hrædd við þá og hætt við að einhver gleymist.

Styrkleikar (7) fólust í góðum/ánægðum nemendum og (4) og nemendafjölda (3).

Tækifæri (5) fólust í fjölmenningu/nýbýum (3), einnig að byggja fólk upp til framtíðar (1) og öflugt félagsstarf nemenda í félagsmiðstöð (1).

Ógnir (5) fólust í fækkun nemenda (2). Einnig óöryggi (1), internetinu (1) og uppeldisskorti (1).

## 9. Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat (22)



Flestir miðar varðandi SKÓLANÁMSKRÁ féllu undir tækifæri (12).


Helstu tækifærin fólust í mótun nýrrar stefnu/markmiða/gildi/áherslur/leiðir (5) og nýjum tækifærum (4).

Styrkleikar (7) fólust í tækifærum til þróunar.

Veikleikar (3) fólust í vöntun á framtíðarsýn/markvissri markmiðssetningu.

Engar ógnir féllu undir skólanámskrá.

## 10. Nám og námsárangur



Flestir miðar varðandi NÁM OG NÁMSÁRANGUR féllu undir tækifæri (11).


Helstu tækifæri fólust í skapandi skólastarfi (3), auknum möguleikum í námsvali (2) og fjölbreyttum námsleiðum (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: meiri áhersla á námið, auka þverfaglega þáttinn í kennslunni, aukin virðing fyrir menntun og að byggja upp betri menntun er nauðsynlegt.

Veikleikar (4) fólust í ónógri sköpun/Legó/nýsköpun (3) og lítilli forfallakennslu á unglingastigi (1)

Styrkleikar voru í list og verkgreinum (3).

Ógn fólst í lakari árangri (1).

### 11. Umbótaaðgerðir – Þróunarstarf (11)




Allir miðar, utan einn, varðandi umbótaaðgerðir og þróunarstarf féllu undir tækifæri (10).

Helstu tækifærin fólust í þróunarstarfi (4) og samstarfi milli landa (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: lestrarþróun, tækifæri til byltingar, auðveldara að koma með hugmyndir að einhverju nýju og grænn skóli.

Ógn fólst í að þróunarstarf verði of einhæft (1).

### 12. Samstarf heimila og skóla (11)



Flestir miðar varðandi samstarf heimila og skóla féllu undir ógnir (7)


Helstu ógnir fólust í samskiptum við erfiða foreldra (6). Einnig atvinnuleysi foreldra (1).

Styrkleikar fólust í samstarfi við foreldra (3).

Tækifæri fólst í samvinnu við foreldra (1).

Engir veikleikar féllu undir samstarf heimila og skóla.

### 13. Kennsla, kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska (7)



Fæstir miðar komu á matsþáttinn kennsla en þeir dreifðust nokkuð jafn á milli styrkleika (3), tækifæra (2) og veikleika (2).

Styrkleikar (1) fólust í gerjun (1), skapandi umhverfi (1) og sköpunargleði (1).

Tækifæri (2) fólust í nýjum viðfangsefnum (1) og meiri sérhæfingu (1)

Veikleikar (2) fólust í stefnumótun kennsluhátta (1) og lítilli samkennslu (1).


## Samantekt á niðurstöðum SVÓT – Starfsfólk

Mynd 4 sýnir hvernig SVÓT miðar starfsfólks féllu undir hvern matsþátt eftir styrkleikum, tækifærum, veikleikum og ógnum. Langflestir af miðum starfsfólks féllu undir matsþáttinn *Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf*, eða 330 miðar. Þar af féllu flestir undir styrkleika (178) og er þetta eini matsþátturinn þar sem styrkleikar eru flestir (ómarktækur munur er á milli SVÓT í matsþættinum *Kennsla* vegna fæð miða).

*Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið* eru með næst flestu miðana, eða 124, sem allir falla undir ógnir. Langflestar ógnir sem starfsfólk tilgreinir eru undir þessum lið. Því næst er matsþátturinn *Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta*, með alls 97 miða sem dreifast á styrkleika, tækifæri og veikleika (engar ógnir).

Í matsþáttunum *Viðmót og menning skóla, Ráðstöfun auðlinda, Stjórnun og aðbúnaður* eru veikleikar og/eða ógnir mest áberandi. Tækifærin eru mest áberandi í matsþáttunum *Skólanámskrá, Nám og námsárangur og Umbótaáðgerðir – þróunarstarf*.

Langfæstu miðar starfsfólks féllu undir matsþáttin *Kennsla – kennsluhættir, starfspróun og fagmennska*, eða 7 miðar og einungis 19 miðar féllu undir matsþáttinn *Nám og námsárangur*. Matsþættirnir *Umbótaáðgerðir – þróunarstarf* og *Samstarf heimila og skóla* fá næst fæstu miðana, eða hvor um sig 11 miða.



Mynd 4 Samanburður allra SVÓT miða starfsfólks eftir flokkun

## 2.2 Hvernig hefur sameiningin gengið?


### Hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara?

Starfsfólk svaraði þessari spurningu (hvað hefur gengið vel og hvað má bæta) hver fyrir sig, lögðu svörin fyrir hópinn og ræddu þau. Hópurinn valdi síðan þrjú mikilvægustu atriðin með atkvæðagreiðslu. Þessi þrjú völdu atriði hvers hóps eru niðurstöður þessarar spurningar. Mynd 5 sýnir hvernig svörin raðast á matsflokkana.

Best hefur gengið að vinna með þætti er varða starfsfólk, nemendur og samstarf heimila og skóla.

Helst þarf að bæta þætti er varða starfsáætlun, aðbúnað og ráðstöfun auðlinda, fjármagns, mannauðar, búnaðar, tíma.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim atriðum sem komu fram í hverjum þætti og matsþáttum raðað eftir fjölda atriða. Starfsfólk er því fremst (1. Starfsfólk) með 25 tilgreind atriði samtals og kennsla er síðust með 1 tilgreint atriði (9. Kennsla). Engin atriði voru nefnd er varða skólanámskrá, nám og námsárangur, ytri tengsl eða umbótaáðgerðir og þróunarstarf.



Mynd 5 Röðun allra svara starfsfólks við spurningunum "Hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara?" eftir efnisflokkum

## **1. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (25)**

### **Það sem hefur gengið vel (17):**

Flestir tala um að vel hafi gengið með þætti er varða starfsandann, s.s. samstöðu, liðsheild, þolinmæði, hjálpsemi og jákvæðni starfsfólks (13). Einnig kemur fram að sameiningin hafi heppnast vel og skapað ný vináttusabönd (starfsfólks) (2) og að hópefli hafi tekist vel, s.s. ferð starfsfólks til Tenerife (2).

### **Það sem má betur fara (8)**

Fram kemur að huga þarf betur að starfsanda, s.s. að passa upp á að allt starfsfólk skólans sé ein heild burtséð frá starfsheiti, huga að samvinnu kennara og samheldni starfsfólks, gamlar klíkur séu enn til staðar og hver og ein starfseining þurfi að skipuleggja sjálfa sig svo heildarstarf skólans verði enn betra (4). Hópefli þurfi að vera fyrir allt starfsfólk á vinnutíma og á jafnréttisgrundvelli (3) og að gefa þurfi meiri tíma til samráðs (1).

## **2. Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta (24)**

### **Það sem hefur gengið vel (1)**

Sérkennsla og stuðningur við nemendur hefur tekist vel (1)

### **Það sem má betur fara (23)**

Langflestir benda á að bæta þurfi upplýsingaflæði almennt (10), s.s. að skólaliðar fái nauðsynlegar upplýsingar um nemendur, að upplýsingaflæði sé frá starfsmönnum til stjórnenda og að hlustað sé á þá, upplýsingaflæði þurfi að vera skilvirkara – upplýsingar berist of seint t.d. ef breytingar verða, skýrari fyrirmæli þurfi að berast frá stjórnendum, of margir stjórnendur gefi mismunandi/misvísandi skilaboð til starfsfólks. Gott væri einnig að hafa spjald uppi við sem sýni hvar stjórnendur séu staddir.

Næst flestir benda á að bæta þurfi skipulagið (7). Til dæmis hvað varðar nýtingu húsnæðis, stundarskrá (fækka eyðum), of mörg börn séu í hverri bekkjardeild í 1. bekk, bæta skipulag og upplýsingarflæði á stigum, t.d. þegar eru þemadagar, að yngri nemendur byrji fyrstu tvo tímuna hjá umsjónarkennara. Einnig að bæta þurfi verkaskiptingu.

Einnig er bent á að bæta þurfi stundarskrár (3), þær þurfi að verða samhæfðari og auðveldari, t.d. vegna sérkennslu. Endurskipuleggja þurfi stundartöflur frá grunni m.t.t. þess að skólinn sé í tveim húsum og vegna alveg nýrrar stefnumótunar í starfi skólans.

Fram kemur að bæta þurfi bæta aga og umgengni og setja agamál í betri farveg. Reglurnar séu í lagi en allir þurfi að fylgja þeim (2).

## **3. Aðbúnaður (20)**

### **Það sem hefur gengið vel (0)**

Engin atriði falla undir „Það sem hefur gengið vel“.

### **Það sem má betur fara (20)**

Flestir benda á að bæta þurfi vinnuaðstöðu (10), bæði nemenda og kennara í Hjalla, vöntun sé á læstum hirslum, endurnýja þurfi stóla, borð og ýmsi tæki, s.s. ljósritunarvélar og prentara.



Fram kemur að bæta þurfi matarmál (4), matur í nemendaeldhúsi þurfi að vera hollari, skipulag matartíma nemenda og kennara þurfi að vera betra, fjölbreyttari matur þurfi að vera í boði fyrir starfsfólk og hægt verði fyrir starfsfólk að fá sér aukabita um miðjan dag.

Húsnæði skólans þurfi að lagfæra og bæta (4), t.d. með því að ljúka endurbótum og endurmeta húsnæði, bæta þurfi salerni beggja húsa. Einnig þurfi að hljóðeinangra matsal í Digranesi því hávaðamengun sé í matsal.

Á skólalóð (2) þurfi að bæta lýsingu á skólalóð og á milli húsa og á gönguleiðum.

#### **4. Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma (20)**

##### **Það sem hefur gengið vel (0)**

Engin atriði falla undir „Það sem hefur gengið vel“.

##### **Það sem má betur fara (20)**

Flestir benda á að bæta þurfi gæslu (7), bæði í matsal og í frímínútum.

Fram kemur að mikilvægt sé að hafa ritara Digranesmegin (5), s.s. vegna álags á ritara Hjallamegin og vegna öryggissjónarmiða. Mikill tími fari í að leita að fólki.

Auka þurfi samvinnu, samstarf og samráð kennara og starfsfólks (5), samvinnu þurfi að auka þvert á árganga og meiri tíma þurfi til undirbúnings (kennslu) og þörf sé fyrir fagstjórn.

Auka þurfi tíma til undirbúnings kennslu (3), t.d. séu starfsdagar og fundartímar of niðurnegldir og allt of lítt tími ætlaður til undirbúnings kennslu. Auka þurfi þann tíma t.d. með því að kennarar fái að nýta starfsdaga til eigin undirbúnings.

#### **5. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (17)**

##### **Það sem hefur gengið vel (17)**

Flestir tala um að nemendur séu ánægðir (11), þeim líði vel og séu glaðir.

Fram kemur að sameiningin hafi gengið vel (5), nemendur séu jákvæðir gagnvart sameiningunni, blöndun bekkja hafi gengið vonum frammar og skólinn hafi passað vel upp á líðan nemenda. Innleiðingin hafi því gengið vel.

Einnig var bent á að nemendur sem hafi átt erfitt (í gömlu skólunum) hafi fengið nýtt tækifæri með sameiningunni (1).

##### **Það sem má betur fara**

Engin atriði falla undir „Það sem betur má fara“.

## **6. Stjórnun (14)**

### **Það sem hefur gengið vel (4)**

Flestir tala um að röðun í bekkri hafi tekist vel (3), nemendur hafi blandast vel og skipting eftir skólastigum milli húsa hafi gefist vel.

Einnig er tekið fram að nafngift nýja skólans hafi tekist mjög vel (1).

### **Það sem má betur fara (10)**

Flestir tala um að stjórnendur þurfi að bæta tengsl sín við starfsfólk (5), stjórnendur þurfi að jafna stöðu starfsfólks, vera sýnilegir og til staðar fyrir kennara, þeir þurfi að hlúa að starfsfólki og hlusta á óskir hvers og eins.

## **7. Samstarf heimila og skóla (10)**

### **Það sem hefur gengið vel (10)**

Flestir tala um að foreldrar séu ánægðir (9), sameiningin hafi verið kynnt vel, þeir séu sáttir, samskipti við foreldra hafi verið jákvæð og þeir virðist ánægðir.

Einnig er tekið fram að samskipti við foreldra hafi gengið vel.

### **Það sem má betur fara (0)**

Engin atriði falla undir „Það sem betur má fara“.

## **8. Viðmót og menning skóla (4)**

### **Það sem hefur gengið vel (4)**

Tekið er fram að sameiningin hafi tekist vel varðandi sameiningu menningar skólanna (4), vel hafi tekist til að sameina hefðir, aðlaga ólíka starfsfhætti og vinnubrögð.

Einnig að skapast hafi aukin víðsýni (1) og Álfhólsskóli hafi „haldið andlitinu“ út á við (1).

### **Það sem má betur fara (0)**

Engin atriði falla undir „Það sem betur má fara“.

## **9. Kennsla, kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska (1)**

### **Það sem hefur gengið vel (0)**

Engin atriði falla undir „Það sem hefur gengið vel“.

### **Það sem má betur fara (1)**

Það sem hér er nefnt undir því sem betur má fara er að fjölga megi tímum í list- og verkgreinum og íþróttum.

## 2.3 Einkunn Álfhólsskóla


### Hvaða einkunn gef ég skólanum mínum?

Starfsfólk var beðið um að gefa skólanum sínum einkunn frá tölunni 0 – 10 eftir því hversu „góður“ þeim fannst hann vera.

Flestir gáfu einkunnina 7, eða 43 starfsmenn. Næst flestir gáfu einkunnina 8, eða 30 starfsmenn.

Meðaleinkunnin sem starfsfólk gaf skólanum sínum var 6,94.

Mynd 6 sýnir niðurstöður þessareinkunnargjafar.




Mynd 6 Fjöldi starfsfólks á bak við hverja gefna einkunn

### Hvað þarf til að hækka þá einkunn.

Starfsfólk var síðan beðið að nefna það sem þeir töldu að myndu „hækka“ þá einkunn sem þeir höfðu gefið (einstaklingsvinna).

Svör starfsfólks eru flokkuð hér fyrir neðan eftir áðurgreindum matspáttum.

Flest atriði sem nefnd voru vörðuðu starfsáætlun og starfsfólk.



**Mynd 7 Röðun allra tillaga starfsfólks eftir matsflokkum**

### **1. Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta (17)**

Flestir nefna að bæta þurfi upplýsingaflæði almennt (7).

Fram kemur að bæta þurfi stundartöflur og gerð þeirra (5), s.s. að taflan sé samfelldari, tekið sé tillit til starfsfólks sem þarf að fara á milli húsa, fyrstu tímar á morgnana séu hjá umsjónarkennara (yngri nemendur) og að bóklegu námi og umsjónartímum sé valinn tími á morgnana.

Nokkrir nefna að bæta þurfi fagstarf (3), s.s. að hafa þurfi fasta samráðs og samvinnufundi, það þurfi að vera skipulag innan deilda og fagstjórn.

Einnig kom fram að umsjónakennarar þurfi að vera meira með í ráðum varðandi þjónustu við nemendur, s.s. að sitja fundi (1)

### **2. Starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi, samstarf (15)**

Starfsfólk nefnir að bæta þurfi samstarfsþáttinn (5) og starfsandann (4), t.d. með því að vera glaðara, brosa, bera virðingu fyrir öllu starfsfólki og koma á skipulegu hópefli, s.s gönguferð einu sinni í mánuði.

Huga þurfi að líðan starfsfólks (4), s.s. að fólk geti komið líðan sinni á framfæri við stjórnendur og trúnaðarmenn og að hlusta þurfi á allt starfsfólk, grasrótina. Taka þurfi tillit til þarfa starfsfólks, s.s. heilsueflingu og hlusta á þarfir fólks um áherslur (2).

### **3. Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma (9)**

Hér kemur fram að auka þurfi samstarfstíma starfsfólks (4), nauðsynlegt sé að hafa ritara í Digranesi (3), bæta þurfi starfsaðstöðu, s.s. með smarttöflum (1) og að miðla þurfi og nýta mannauð betur (1).

### **4. Aðbúnaður (5)**

Hér eru nefndir þættir er varða vinnuaðstöðu (5), s.s. að aðgangur allra kennara þurfi að vera jafn að tólum og tækum, nauðsynleg forrit þurfi að vera í tölvum, bæta þurfi vinnuaðstöðu kennara í vinnuherbergi og að kennsluhúsnæði þurfi að vera upphitað (kuldi í matsal, aðstöðu leiklistarkennara í Digranesi).

Einnig að bæta þurfi mataraðstöðu og mat starfsfólks (2), t.d. að matur sé framreiddur inni á kennarastofu.

### **5. Viðmót og menning skóla (6)**

Fram kemur að leggja þurfi áherslu á jákvæðni, bæði meðal nemenda og starfsfólks (3), s.s. hrósa fyrir vel unnin störf.

Einnig að bæta þurfi aga (2), t.d. með aukinni tillitssemi og gagnkvæmri virðingu.

Leggja þurfi áherslu á fagmennsku starfsfólks (2) t.d. með betra hugarfari og meiri metnaði.

### **6. Stjórnun (5)**


Hér er bent á að bæta þurfi stjórnunarhætti (2), tengsl stjórnenda við starfsmenn þurfi að vera meiri (2), t.d. með skilvirkari skilaboðum, að stjórnendur séu meira inni í daglega starfinu og að fækka þurfi stjórnendum (1).

### **7. Skólanámskrá - s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat (1)**

Hér kemur fram að endurskipuleggja þurfi skólastefnu og skólanámskrá.

## 2.4 Gildi

Hver hópur setti fram þrjú gildi sem hann taldi mikilvægust fyrir Álfhólsskóla. Jafnframt skiluðu hóparnir skrifaðri skilgreiningu, með hverju gildi þar sem gerð var grein fyrir í hverju mikilvægi þessi væri fólgið (sjá tafla 1). Langflestu atkvæðin fékk gildið virðing, eða 14. Því næst komu gildin samvinna, jákvæðni, gleði og agi með 3 atkvæði hvert. (Sjá mynd 8)



Mynd 8 Röðun gilda eftir fjölda atkvæða

### Skilgreiningar starfsfólks á völdum gildum:

#### Virðing (14)

- Gagnkvæm virðing fyrir öðrum og ólíkum menningarheimum.
- Virðing fyrir sjálfum sér, öðrum, viðfangsefnunum og umhverfinu er undirstaða vellíðunar og árangurs.
- Gagnkvæm virkni er mikilvæg. Hún skapar samstöðu, jákvæðni og farsælt skólastarf.
- Nauðsynlegt er að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.
- Gagnkvæm virðing fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að virðing sé í hávegum höfð gagnvart starfsfólki, foreldrum, nemendum og öllum þeim sem koma að starfi skólans, t.d. skoðunum, sérkennum hvers og eins, ólíkum uppruna, lífsskoðunum og fl.
- Að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

- Allt byggist á virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsmönnum og því viðfangsefni sem unnið er með.
- Í Álfhólsskóla berum við virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum og sýnum hana í verki.
- Þú kemst ekkert án virðingar. Verðum að bera virðingu fyrir okkur sjálfum og hvort öðru. Til að öðlast virðingu annarra þarf maður að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfinu. Kurteis maður öðlast virðingu.
- Alhliða virðing fyrir sjálfum sér, nemendum samstarfsfólki, umhverfi, húsnæði og eigum annarra. Einnig að virða fjölbreytileika mannlífsins.
- Með virðingu er átt við gagnkvæma virðingu milli starfsmanna, nemanda og þar á milli sem og virðingu fyrir sjálfum sér. Í virðingu felst umburðarlyndi, tillitssemi og virðing fyrir náunganum, skoðunum hans, upplifun, reynslu, bakgrunni og fl.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á að starfsfólk og nemendur beri virðingu hvert fyrir öðru, sjálfum sér og umhverfinu.
- Koma vel fram við aðra, sjálfan sig og umhverfi sitt. Koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

### **Agi (3)**

- Þar sem agi er undirstaða árangurs í lífinu stuðlar Álfhólsskóli að honum með samningum og reglum og hjálpar einstaklingum að bera ábyrgð á sjálfum sér.
- Einstaklingurinn temji sér sjálfsaga og læri að bera ábyrgð á námi sínu og samskiptum við aðra.
- Öguð vinnubrögð, ákveðinn rammi sem við vinnum eftir. Skólareglur ákveðið agatæki.

### **Gleði (3)**

- Gleði og vellíðan er grundvöllur árangurs í skólastarfi.
- Sköpunargleði og ánægja ríki við störf og leik.
- Allt starf okkar verður auðveldara þar sem ríkir gleði og eykur um leið afköst okkar og starfsánægju.

### **Jákvæðni (3)**

- Gera ávallt okkar besta með bros á vör.
- Með jákvæðu hugarfari náum við árangri og okkur líður vel.
- Að mæta öllum viðfangsefnum, aðstæðum og samstarfi með jákvæðni.

### **Samvinna (3)**

- Taka tillit og virða skoðanir annarra.
- Að fólk vinni saman og finni mátt og styrk samvinnu einstaklings og hópa innan skólasamfélgsins.
- Samvinna er mjög mikilvæg í okkar starfi. Þó samvinnan sé mikilvæg þá má hún ekki vera eins og einn úr hópnum sagði: "Samvinnan má ekki vera svo mikil að við höfum ekki tíma til að vinna."

## **Ábyrgð (2)**

- Álfhólsskóli leggur áherslu á að starfsfólk og nemendur sýni ábyrgð í verki og fagi.
- Að standa við orð, skuldbindingar sínar í orði og gerðum. (Nám, undirbúningur, eftirfylgni og framkvæmd)

## **Ánægja (2)**

- Vinnugleði, eykur jákvæðni og gleði í öllu starfi.
- Álfhólsskóli leggur áherslu á að starfsfólk og nemendur hjálpist að við að viðhalda ánægju í skólasterfinu.

## **Fagmennska (2)**

- Að allir vinni að fagmennsku hver á sínu starfssviði af miklum eldmóð.
- Við leggjum áherslu á fagmennsku svo að sem flestir vinni í takt við þau gildi og viðmið sem markast af stefnu skólans. Að vinna starf sitt af alúð.

## **Metnaður (2)**

- Árangur, þekking, fagmennska.
- Að starfsfólk og nemendur setji sér markmið og geri sitt besta í leik og starfi.

## **Traust (2)**

- Það þarf engra útskýringa við.
- Til að ná fram góðri samvinnu þurfum við að bera traust til hvors annars. Rót góðrar vináttu er traust.

## **Vellíðan (2)**

- Vellíðan er undirstaða góðs árangurs og skapar gott starfsumhverfi.
- Vellíðan er undirstaða að góðu gengi á öllum sviðum.

## **Framþróun**

- Horfa til framtíðar og leita eftir og bæta þekkingu.

## **Heilindi**

- Heilindi er mjög gildishlaðið orð og skarast við önnur gildi og felur t.d. í sér gagnkvæma virðingu, ábyrgð, áreiðanleika og einnig traust.

## **Jafnrétti**

- Með jafnrétti er átt við jafnan rétt nemenda og starfsmanna í skólaumhverfinu. Jafnan rétt til þess að tjá sig, til náms og starfs með tilliti til kyns, námslegrar getu, stöðu, bakgrunns ofl. Að allir séu meðvitaðir um réttindi sín og tækifæri til áhrifa í skólasterfinu.

## **Samstaða**

- Samstaða í skólasterfi er kemur í veg fyrir félagslega einangrun meðal nemanda og starfsfólks.



**Sjálfsagi**

- Sjálfsagi er helsta birtingarmynd þroska.

**Tillitssemi**

- Einstaklingur temji sér sjálfsaga og læri að bera ábyrgð á námi sínu og hegðun og samskiptum við aðra.

**Umburðarlyndi**

- Allir fá að vera þeir sjálfir og fá að njóta sín.

**Vinnugleði**

- Með vinnugleði er átt við ánægju og vellíðan nemenda og starfsmanna í námi og starfi. Að nemendur og starfsmenn hafi tækifæri til frumkvæðis og sköpunar og geti notið sín við nám og starf. Jákvæðni og virkni eru lykilatriði í þessu samhengi.

**Virkni**

- Mikilvægt er að virkja alla á sinn hátt.

**Víðsýni**

- Að starfsfólk og nemendur tileinki sér opið og skapandi hugarfar.

**Þekking**

- Mikil þekking og fagmennska er til staðar í Álfhólsskóla (K). Skólinn er þekkingarsmiðja nemenda (N).

## 3 Fundur með foreldrum 14. mars 2011

### 3.1 Kynning

Stefnumótunarfundur með foreldrum var kynntur í starfsáætlun skólans í ágúst 2010 og í Fréttabréfi Álfhólsskóla í nóvember og febrúar. Þegar nær dró fundi, þann 4. mars, var öllum foreldrum/forráðamönnum sent fundarboð og með netpósti. Ítrekanir voru sendar 10. og 14. mars. Kennarar nýbúadeildar upplýstu þá foreldra sem ekki skilja íslensku um fundinn og foreldrar sem ekki eru með netfang fengu bréf heim í „töskupósti“ með börnum sínum. Alls voru það 11 einstaklingar.


### 3.2 Framkvæmd

Stefnumótunarfundur með foreldrum var haldinn þann 14. mars 2011. Fundurinn var haldinn kl 16:30 – 19:00 í sal Hjalla undir stjórn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar, dósentis við HÍ. Foreldrar unnu í alls 7 hópum og svöruðu eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri sérð þú í starfi Álfhólsskóla í dag? (SVÓT) (*Einstaklingssvör – miðar*)
2. Hvernig hefur sameiningin gengið? – Hvað hefur tekist vel? Hvað má betur fara? (*Safn 3ja atriða frá hverjum hópi*)
3. Hvernig sjáum við foreldra að koma að starfi skólans? (*Safn 3ja atriða frá hverjum hópi*)
4. Hvað myndi gera þig stolta/stoltan af Álfhólsskóla? (Blaðfrétt) (*Einstaklingssvör*)
5. Hvaða skilaboðum vilt þú koma til stjórnenda? (*Einstaklingssvör*)

### 3.3 Þátttaka

Samkvæmt Mentor voru aðstandendur nemenda 1091 þegar fundarboð var sent út. Þeim var öllum boðin þátttaka á fundinum. Af þeim mættu 46, eða um 4% foreldra. (Sjá mynd 9)



**Mynd 9 Hlutfall og fjöldi þátttakenda úr hópi foreldra í stefnumótun Álfhólsskóla**

### **3.4 Úrvinnsla**

Verkefnastjóri Álfhólsskóla bar ábyrgð á úrvinnslu gagna eftir fundinn og framsetningu þeirra. Unnið var úr gögnum á sama hátt og unnið var úr gögnum starfsfólks (sjá lið 1.2).

### **3.5 Kynning á niðurstöðum**

Verkefnastjóri kynnti niðurstöður stefnumótunar Álfhólsskólar fyrir foreldrum á aðalfundi foreldrafélagsins þann 17. maí 2011. Um 25 foreldrar sátu þann fund.




## 4 Niðurstöður fundar með foreldrum

### 4.1 Svót




SVÓT – vinnan fólst í því að finna hvaða styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri þátttakendur sæju í starfi Álfhólsskóla í dag. Allir þátttakendur fengu Post-it miða í fjórum litum og var einn litur fyrir hvern þátt. Hver og einn vann sjálfstætt og leyfilegt var að setja fram eins marga miða og hver vildi en aðeins aðeins mátti skrifa eitt atriði á hvern miða. Heildarfjöldi SVÓT miða eftir vinnu foreldra voru 575, 123 miðar höfðu verið settir undir styrkleika, 128 undir tækifæri, 187 undir veikleika og 137 undir ógnir (sjá mynd 10).




Mynd 10 Skipting miða á milli þátta

Í úrvinnslunni miðaðst flokkun miðanna við leiðbeiningarrit Matsfræðifélagsins - Drög (sjá kafla 1.4). Mynd 11 sýnir hvernig miðarnir raðast á hvern þátt. Matsþátturinn „Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta“ er með flesta miða (samtals 84 miðar) og því fremstur en matsþátturinn „Ráðstöfun auðlinda“ með fæsta (samtals 15 miðar) og því síðstur. Hér á eftir er gerð grein fyrir öllum niðurstöðum hvers matsþátts. Byrjað er á þeim þætti sem flesta miða fékk (1. Starfsáætlun) og endað á þeim sem fæsta miða fékk (13. Ráðstöfun auðlinda).



**Mynd 11 Röðun allra SVÓT miða starfsfólks eftir efnisflokkum**

### **1. Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta (84 miðar)**



Flestir miðar í SVÓT vinnu foreldra féllu undir flokkinn STARFSÁÆTLUN, eða alls 84 miðar.

Flestir miðanna féllu undir veikleika, eða 34 miðar. Helstu veikleikar voru ónóg upplýsingamiðlun (14). Einnig heimasíða (2), samskiptaleyfi (2), einelti; getur aukist í svo stórum skóla (2), breytingar of hraðar/ekki nægilegur undirbúningur (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: skólarnir ekki nógu vel kynntir, áætlanagerð/verkferlar, samræmd vinnubrögð, hefði mátt taka tillit til búsetu við skiptingu í bekk, stíft bekkjakerfi, ósveigjanleiki, skortur

á námsstuðningi fyrir þá sem þurfa, mikið álag á þá sem skipuleggja og stýra sérkennslu, ekki farið eftir skóladagatali, skráningar, fjöldi nemenda í bekkjum yngsta stigs og fjöldi nemenda í sundtímum.


Styrkleikar (21) fólust í jákvæðu hugarfari og hversu fljótt og vel er tekið á vandamálum (5), mjög góðri/öflugri sérkennslu (5), sameiningu skólanna (3), nýbúadeild (2) og góðu skipulagi (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: góðar viðtökur þegar leita þarf

aðstoðar, sérhæfing beggja skólanna sterkari eftir sameiningu, öflugt hópeflisstarf í upphafi skólaárs og einhverfudeild.

Tækifæri (19) fólust í stærð skólans eftir sameiningu (11), upplýsingamiðlun (4), sérstöðu skólans vegna 2ja sérdeilda/frekari efling einhverfudeildar (2) útrýmingu eineltis (1) og áætlanir og verklag varðandi einelti/vímuefni/áföll (1).

Ógnir (10) fólust í sameiningunni; að ekki gangi nógu vel að sameina/skólastarfið ekki nógu faglegt (4), verri þjónusta sérkennslu vegna niðurskurðar (2) og að eineltismál geti týnst (2). Einnig utanumhald (1) og ekki hafi verið farið af stað starf sem stefnt var að, s.s. hópaskiptingar vegna námshraða (1).

## 2. Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið (78 miðar)



Langflestir miðar varðandi YTRI TENGLU féllu undir ógnir eða 51.


Langflestar ógnir voru vegna niðurskurðar til skólamála (30). Einnig vegna versnandi fjárhagsstöðu Kópavogsbæjar (5), skorti á menntastefnu sveitarfélaga (4), kreppu (3), frekari sameingar s.s leikskóla (2), stækkun hverfisins (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: strangari inntökuskilyrði í framhaldsskóla, óvissa með framhald vegna niðurskurðar/kreppu, niðurskurður til tónlistarkennslu, barnaperrar og harðnandi heimur.

Veikleikar(16) felast í samstarfi tólstundafélaga og skóla (8), minni þjónustu við nemendur vegna niðurskurðar (6), svikin loforð vegna sameiningar (1) og stefnuleysi í hverfamálum (1).

Tækifæri (9) fólust í að verða lykilskóli í nærumhverfinu vegna stærðar (3), tengja skóla og nærumhverfi/atvinnulíf saman (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: aukin samvinna við önnur foreldrafélög, stytting framhaldsskólans, að vera gott fordæmi fyrir aðra skóla í sameiningarhug og verða meiri styrkur gagnvart sveitarfélagi.

Styrkleikar (2) fólust í meiri styrk gagnvart bænum (1) og samþættingu blokkflautunáms (1).

## 3. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (62 miðar)



Flestir miðar varðandi NEMENDUR féllu undir ógnir (24) og veikleika (23).


Ógnir fólust í einelti/einelti utan skólatíma (7), neyslu fíkniefna (5), fjölda barna/fækkun starfsfólks og meira álags á starfsfólk (3), álag á nemendur/skert þjónusta við nemendur (3)nýrra nemendahópa/misklíðar/letjandi áhrif á námsárangur (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: fækkun nemenda, að ástandið í þjóðfélaginu hafi áhrif á börnin, nemendur mynda klíkur og ofbeldi.

Veikleikar (23) fólust í of stórum bekkjum (7), nemendafjölda (6), tveimur húsum (2) og nýjum bekkjum (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: eftirlitsleysi barna/ agaleysi sem skilar sér inni skólann, langar vegalengdir fyrir mörg börn í skólann, vöntun á jákvæðni í garð unglunga, mikil órói í nemendum eftir sameiningu, nýbúar blandast illa og ekki er hjálpað með heimavinnu í Frístund.

Styrkleikar (10) fólust í fjölda barna/fjölbreytni (8) og fjöldanum/möguleika á hópastarfi (2)

Tækifæri (5) fólust í breidd/breyttri samsetning nemenda í bekkjum (2), fjölda nemenda á unglingastigi (1), samvinnu mismundandi aldurshópa (1) og fækkun nemenda – meira aðhaldi (1).

#### 4. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (57 miðar)



Flestir miðar varðandi STARFSFÓLK vörðuðu styrkleika (20) og ógnir (20).

Styrkleikar fólust í góðum/reynslumiklum/fjölbreyttum kennarahópi (11), góðu starfsfólki/góðum skólaliðum/ritara (8) og að kennarar séu duglegir að upplýsa foreldra um námið (1)


Ógnir fólust í kjarasamningum og launakjörum kennara (5), að gott starfsfólk/kennarar hætti (3), óánægju starfsfólks/skortur á liðsheild (3) og lenging kennaranáms í 5 ár; erfitt að manna skólana (3). Eftirtöld atriði fengu

einn miða hvert: stöðnun í menntamálum fyrir kennara, að kennurum stafi ógn af fjölda nemenda, uppsagnir kennara/starfsfólks, lítil endurnýjun í kennarahópi vegna fækkunar (stöðnun), (starfsfólk) nýti ekki möguleika þverfaglegs samstarfs og hvernig kennarar og stjórnendur taka á sameiningu/veljast hæfir aðilar.

Tækifæri (10) fólust í mannauð, breidd/fagmenntun starfsfólks (5), nýtingu sérhæfingu kennara (2), endurmenntun starfsfólks (2) og þverfaglegri samvinnu (1).

Veikleikar (7) fólust í ónógu samstarfi kennara frá gamla Hjalla- og Digranesskóla/of stórum kennarahóp (5) álagi (1) og tungumálaörðuleikum Digranesmeigin (1).

#### 5. Viðmót og menning skóla (57 miðar)



Flestir miðar varðandi VIÐMÓT OG MENNINGU SKÓLA féllu undir veikleika (26).

Veikleikar fólust í stærð skólans/of fjölmennur (11), tveimur húsum/tvískipur skóli (9), sameiningunni/ólíkri menningu (2), fordómum/hræðsla vegna sameiningarinnar án þess að reynsla sé komin á hana (3) og veglend í skóla fyrir börn á jaðarsvæðum (1).


Styrkleikar (16) fólust í fjölbreytni/fjölbreytileika (7), tveim skólamenningum/tveim minni skólaeiningum (3) og jákvæðu andrúmslofti/viðhorfi í garð nemenda (2).

Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: aukin þekking, minna bil milli yngri og eldri barna, samstaða, bakland.

Tækifæri (10) fólust í sameiningunni; víðara sjónahorni allra/læra hver af öðrum (4), mótun nýs skólabrags; stærðin/nýbúamenningu/börnunum/opna skólanna meira (4), að kreppan kalli á frjóa hugsun og efla samstöðu og samstöðu (1) og börnunum okkar (1).

Ógnir (5) fólust í stærðinni/minni yfirsýn (3) og tveimur skólahúsum (2).

## 6. Samstarf heimila og skóla (48)



Flestir miðar varðandi SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA falla undir styrkleika (17) og tækifæri (17).


Styrkleikar fólust í góðu sambandi/samstarfi bekkjarkennara og foreldra (5), áhugasömum foreldrum (4), góðu upplýsingastreymi til foreldra (3), skólinn hlustar á foreldra/sýnir þeim skilning (2), öflugt foreldrafélag (2) og stór samstæður foreldrahópur, s.s varðandi útivistartíma (1).

Tækifæri fólust í auknu samstarfi heimila og skóla (8), fleiri foreldrum; dreifing ábyrgðar/virkni/fylgjast betur með (4), þáttaka foreldra; í stefnumótun/ákvarðanatöku (3), myndun fjölskylduhóps, t.d. með nýbúum (1) og aukinni fræðslu til foreldra (1).

Ógnir (8) fólust í versnandi fjárhagsstöðu heimilanna (4), óánægðum foreldrum (2) og veiku foreldrastarfi/áhugaleysi foreldra (2).

Veikleikar (6) fólust í vannýttu samstarfi heimila og skóla (3), áhugaleysi foreldra (2) og takmörkuðum aðgangi foreldra að skólanum sem kemur í veg fyrir að bekkjarfulltrúar geti sinnt hlutverki sínu (1).

## 7. Nám og námsárangur (41)



Flestir miðar varðandi NÁM OG NÁMSÁRANGUR féllu undir tækifæri (16).

Tækifæri fólust í aukinni áherslu á listgreinar (4), meira einstaklingsmiðuðu námi á öllum stigum (3), fjölbreyttara námsvali á unglingsstigi (3), hrista upp í námsefni (2), aukinni stuðnings/sérkennslu (2), nýta netið meira (1) og stefna hærra varðandi einkunnir (1).


Styrkleikar (12) voru í stærð skólans; möguleika á sérhæfingu (6), einstaklingsmiðuðu námi (2), getuskiptingu (2), og markvissri menntun/góðum árangri nemenda (2).

Veikleikar (12) fólust í námsefni; of lítið/vantar bækur (3), einstaklingsmiðuðu námi; ekki næg tækifæri fyrir nemendum að fara á eigin námshraða (3) og heimanám innan árganga ómarkvisst (3). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: fjöldi valgreina eftir sameiningu undir væntingum, afnema ætti heimanám/nemendur þreyttir eftir vinnudaginn, vöntun á samræmi í félagsstarfi innan árganga.

Ógn (1) fólst í minni stuðningi/vali á námi/námstækifærum.



## 8. Aðbúnaður (40)



Flestir miðar varðandi AÐBÚNAÐ féllu undir veikleika (19).


Veikleikar fólust í mótuneyti nemenda/lélegu fæði (6), dægradvöl; lítið skipulag/geymsla (4), útisvæði Hjalla; vantar leiktæki/aðstöðu (2) og umferðaröryggi; morgunumferð/skipulagsleysi (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: skortur á tíma vegna sameiningar, of fáar tölvur fyrir nemendur, langt í sundkenndu, samvinna við félagsmiðstöð, skólabyggingin í Digranes.

Ógnir (9) fólust í umferð við skólann á morgnana (6), að stærð kennslurýma sé of lítil (1), skólalóð Digranesmegin (1) og umferð aðkomumanna á skólalóð (1).

Styrkleikar (6) fólust í góðri félagsmiðstöð/Pegasus (3), góðu húsnæði/aðstöðu (2) og góðri aðstöðu verkgreina (1).

Tækifæri (6) fólust í íþróttaaðstöðu, að gera breytingar á mótuneytinu, góðum tækjakosti, góðri skóladagvistun, góðri skólalóð og nálægð skólahúsa (hvert atriði fékk einn miða).

## 9. Skólanámskrá (32)



Flestir miðar varðandi SKÓLANÁMSKRÁ féllu undir tækifæri (13) og veikleika (13).


Tækifæri fólust í marvissri vinnu og stefnumótun (9) og nýjum skóla – nýju upphafi/byrja frá grunni (4).

Veikleikar fólust í stefnu/ómótaðri sýn (5), nýjum, ómótuðum skóla (5), kennsluskrá/námskrá (2) og kennsluáætlun ekki aðgengileg (1).

Styrkleikar (6) fólust í sameiginlegum markmiðum um árangur og velgengni (3), ómótuðum skóla; foreldrar, kennarar, skólastjórnendur hafa áhrif á stefnuna (2) og sterkari faglegum skóla (1).

Engar ógnir féllu undir skólanámskrá.

## 10. Kennsla (27)



Langflestir miðar varðandi KENNSLU féllu undir veikleika (17).

Veikleikar fólust í kennurum; mishæfum/lélegum/vanhæfum (7), kennslu; ekki nógu góð/of stelpumiðuð (4), kennsluaðferðum; of hefðbundnar/ágreingur milli kennara um aðferðir (3), vöntun á starfsfræðslu á unglingastigi (1), íþróttakennslu; kynna fjölbreyttar íþróttir (1) og vöntun á samræmdum vinnubrögðum milli bekkjardeilda (1).


Tækifæri (5) fólust í möguleikum til útikennslu/nýta

umhverfið betur/meiri hreyfingu (2), endurnýja kennsluaðferðir og námsefni (1), bæta kennslu á unglingastigi (1) og möguleika á aldurskiptri sérhæfingu (1).

Styrkleikar (3) voru í skipulagi verkgreina (1), góðri kennslu í raungreinum (1) og faglegri kennslu í íþróttum (1).

Ógnir (2) voru vegna fækkun kennslustunda í list- og verkgreinum (1) og ónógri félagskennslu (1).

### 11. Stjórnun (18)



Flestir miðar varðandi STJÓRNUN féllu undir styrkleika (7)


Styrkleikar voru góðum stjórnendum/góðri stjórnun (5) og í tveim skólastjórum/valddreifingu (2),

Veikleikar (5) fólust í stjórnun/erfiðum stjórnendastrúktúr (3) og tveimur skólastjórum (2).

Ógnir (5) fólust í tveim skólastjórum (2), ólíkum áherslum stjórnenda (1), vanhæfum stjórendum (1) og núverandi stjórnunarháttum (1).

Tækifæri fólust í breyttum stjórnunarháttum (1).

### 12. Umbótaaðgerðir og þróunarstarf (16)



Flestir miðar varðandi umbótaaðgerðir og þróunarstarf féllu undir tækifæri (14).


Tækifæri voru fólgin í eflingu skólastarfsins (3), faglega sterkum skóla (2) og aðdráttarafli fyrir hæfa, metnaðarfulla kennara (2). Eftirtöld atriði fengu einn miða hvert: forysta í mótun skólastefnu (1), læra af mistökum, hleypa eldmóði í starfsfólk til að gera betur, tími endurmats, háværingi radda vegna fjölda, niðurstöður þessa fundar og vera leiðandi í mótun foreldrasamstarfs.

Styrkleiki (1) fólst í áhuga á bættu skólastarfi (1).

Veikleiki (1) fólst í vöntun á gæðaeftirliti með kennurum (1).

Engar ógnir féllu undir umbótaaðgerðir og þróunarstarf.

### 13. Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma (15)



Flestir miðar varðandi RÁÐSTÖFUN FJÁRMAGNS, MANNAUÐS, BÚNAÐAR, TÍMA féllu undir veikleika (8).

Veikleikar fólust í ónógri frímínútnagæslu (5), einum ritara; vantar ritara í Digranesi (2) og fáum tímum á bekkjarkennara fyrir foreldrasamstarf (1).

Tækifæri (3) fólust í stærð skólans sem rekstareiningu (2) og breyttum kjarasamning; meiri kennslu, meiri gæði (1).

Styrkleikar fólust í hagkvæmri rekstareiningu (1) og samnýtingu fjármagns (1).


Ógnir fólust í gæslu; fækkun starfsmanna í útigæslu (2).

## Samantekt á niðurstöðum SVÓT – Foreldrar

Mynd 12 sýnir hvernig SVÓT miðar foreldra féllu undir hvern matsþátt eftir styrkleikum, tækifærum, veikleikum og ógnum.

Flestir af miðum foreldra féllu undir matsþáttinn *Starfsáætlun – skipulag, verkferlar*, eða 84 miðar. Þar af féllu flestir undir veikleika (34) og eru flestir „veikleikar“ sem foreldrar tilgreina undir þessum lið. Undir *Ytri tengsl* féllu 78 miðar, þar af féllu langflestir undir ógnir og eru flestar „ógnir“ sem foreldrar tilgreina undir þessum lið. (51). Í matsþáttunum *Viðmót og menning skóla*, *Aðbúnaður*, *Nemendur* og *Kennsla* ásamt *Starfsáætlun*, eru veikleikar mest áberandi. Flestar ógnir falla undir matsþættina *Ytri tengsl*, *Nemendur* og *Starfsfólk*. Tækifærin eru mest áberandi í matsþættinum *Umbótaáðgerðir – þróunarstörf* og *Nám og námsárangur*. Styrkleikar og ógnir eru mest áberandi í matsþættinum *Starfsfólk* og styrkleikar og tækifæri eru mest áberandi í matsþættinum *Samstarf heimila og skóla*.

Fæstir af miðum foreldra féllu undir matsþættina *Ráðstöfun auðlinda* (15), *Umbótaáðgerðir – þróunarstarf* (16) og *Stjórnun* (18).




Mynd 12 Samanburður allra SVÓT miða foreldra eftir flokkun

## 4.2 Hvernig hefur sameiningin gengið?

### Hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara?

Foreldrar svöruðu þessari spurningu (hvað hefur gengið vel og hvað má bæta) hver fyrir sig, lögðu svörin fyrir hópinn og ræddu þau. Hópurinn valdi síðan þrjú mikilvægustu atriðin með atkvæðagreiðslu. Þessi þrjú völdu atriði hvers hóps eru niðurstöður þessarar spurningar. Á mynd 13 má sjá hvernig svörin raðast á matsflokkana.



**Mynd 13 Röðun allra svara foreldra við spurningunum "Hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara?" eftir efnisflokkum**

Best hefur gengið að vinna með þætti er varða starfsáætlun, samstarf heimila og skóla og nemendur.

Helst þarf að bæta þætti er varða starfsáætlun, nemendur og aðbúnað.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim atriðum sem komu fram í hverjum þætti og er matsþáttum raðað eftir fjölda atriða. Starfsáætlun er því fremst (1. Starfsáætlun) með 15 tilgreind atriði samtals og skólanámskrá er síðust með 1 atriði (9. Skólanámskrá). Engin atriði voru nefnd er varða umbótaaðgerðir og þróunarstarf, ytri tengsl, viðmót og menningu skóla og starfsfólk.

## **1. Starfsáætlun – skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta (15)**

### **Það sem hefur gengið vel (8)**

Flestir tala um að vel hafi gengið með þætti er varða skipulag; vel hafi tekist til með aldurskiptingu nemenda á milli húsa (3) skipulag á bekkjum hafi tekist vel, t.d. með tilliti til sérkennslu og verkgreina (2). Einnig að upplýsingaflæði frá skóla til heimila hafi verið gott (2) og að sameiningarferlið hafi í heildina tekist vel og nemendum finnst þeir tilheyrja Álfhólsskóla (1).

### **Það sem betur má fara (7)**

Fram kemur að bæta megi verkferla; það þurfi skýrari áherslur varðandi einelti og forvarnir (1), stöðva þurfi einelti (1), upplýsingaflæði megi bæta (1), samskipti skóla og heimila varðandi stöðu sameiningarferlis hefðu mátt vera meiri (1) og að faglega, samræmda nálgun vanti í framkvæmd foreldraviðtala (1). Einnig að halda þurfi betur utan um einstaklingana, s.s í sérkennslu og nýbúadeild (1).

## **2. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (8)**

### **Það sem hefur gengið vel (4)**

Fram kemur að aðlögun nemenda hafi gengið vel (3) og að samþjöppun hafi orðið í nemendahópnum (1).

### **Það sem betur má fara (4)**

Bent er á að leggja þurfi meiri áherslu á að nemendur samlagist innan bekkja (1), tryggja betur öryggi barna varðandi umferð í kringum skólann (1), hrósa nemendum (1) og hafa meira hópefli meðal nemenda (1)

## **3. Samstarf heimila og skóla (7)**

### **Það sem hefur gengið vel (5)**

Fram kemur ánægja með eitt öflugt foreldrafélag (2), viðhorf foreldra og nemenda til sameiningar (1), Reykjaferð 7. bekkjar (1) og samskipti við stjórnendur (1).

### **Það sem betur má fara (2)**

Bent er á að bæta þurfi aðgengi foreldra að skólahúsnæði (1) og einnig samskipti skóla og foreldra varðandi viðburði (1).

## **4. Aðbúnaður (6)**

### **Það sem hefur gengið vel (2)**

Fram kemur ánægja með undirbúning skólustarfsins varðandi húsnæðismál (1) og niðurrif niðurníðdra húsakynna (í Digranesi) hafi tekist vel (1)

### **Það sem betur má fara (4)**

Flestir benda á það sem betur má fara varðandi mótuneyti nemenda (3); matinn þurfi að endurskoða, það vanti hollari og fjölbreyttari mat og sumir nemendur séu svangir eftir matartíma. Einnig er bent á að húsnæði Dægradvalar sé ábótavant.

## **6. Kennsla (4)**

### **Það sem hefur gengið vel (1)**

Fram kemur ánægja með íþróttakennslu (1).

### **Það sem betur má fara (3)**

Bent er á að samræma þurfi kennsluaðferðir og auka samstarf kennara (1), skipta þurfi bekkjum oftar upp með tilliti til getu (1) og samræma þurfi heimanám innan skólans (1).

## **4. Nám og námsárangur (3)**

### **Það sem hefur gengið vel (2)**

Fram kemur ánægja með skólastarfið í heild, það hafi verið heildstætt (1). Ánægja er með starf yngri deildar og þá sérstaklega 1. bekkja (1).

### **Það sem betur má fara (1)**

Fram kemur að bæta þurfi samskipti skóla og foreldra varðandi sýnileg (náms) markmið (1).

## 5. Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma (2)

### Það sem hefur gengið vel (0)

Engin atriði falla undir "það sem hefur gengið vel".

### Það sem betur má fara (2)

Bent er á að bæta verði þætti er varða umferðaröryggi, (2) bæði gangbrautarvörsluna og öryggi gönguleiða nemenda á leið í skólann.

## 6. Stjórnun (1)

### Það sem hefur gengið vel


Engin atriði falla undir "það sem hefur gengið vel".

### Það sem betur má fara (1)

Fram kemur að bæta þurfi yfirstjórn og sýnileika stjórnenda (1).

## 4.3 Hvernig sjáum við foreldra koma að starfi skólans?

Hver hópur vann með þessa spurningu í sínum hópi, ræddi hana og einstaklingarnir komu með tillögur inn í hópinn. Að lokum skilaði hver hópur 3 völdum tillögum sem niðurstöðu hópsins. Í eftirfarandi samantekt eru niðurstöður hópanna flokkaðar samkvæmt áðurnefndum matsþáttum. Flestir þættir úr niðurstöðum foreldra féllu undir samstarf heimila og skóla (10). Aðrir þættir voru skólanámskrá (5), starfsáætlun (4), nemendur (1) og umbótaaðgerðir/þróunarstarf (1), sjá mynd 14.



Mynd 14 Röðun svara foreldra við spurningunni: *Hvernig sjáum við foreldra koma að starfi skólans?* eftir efnisflokkum

## **1. Samstarf heimila og skóla (10)**

Undir SAMSTARF UMSJÓNARKENNARA OG FORELDRA féllu eftirfarandi þættir (5):

- Að foreldrar þurfi að starfa með umsjónarkennaranum.
- Öflugt samstarf þarf að vera milli bekkjarkennara og bekkjarfulltrúa.
- Aukna samvinnu þarf meðal kennara og foreldra (bekkjarkvöld, foreldrarölt).
- Bekkjarfulltrúar tengiliðir foreldra og kennara. Virkari farvegur fyrir hugmyndir /aðkomu foreldra í gegnum bekkjarfulltrúa.
- Fá foreldra til að flytja fyrirlestra og kynna starf sitt/atvinnugrein í bekkjum barna sinna. Vera ráðgefandi aðilar á ólíkum sviðum.

Undir ÞÁTTTÖKU FORELDRA Í STARFI SKÓLANS féllu eftirfarandi þættir (5):

- Foreldrar taki meiri þátt í viðburðum innan skólans, t.d. eins og var á öskudaginn.
- Virkja foreldra í sjálfboðastarf, s.s. atvinnulausa.
- Fá meiri þátttöku foreldra eftir áhuga/starfssviði; listahópur, íþróttahópur, viðburðahópur, mötuneytishópur.
- Meiriháttar ákvarðanir séu teknar í samráði við foreldra.
- Styrkja vinnu í anda nýrra skólalaga: 1) Virkja boðleiðir frá skólaráði til bekkjarfulltrúa, 2) Fræðsla til allra, 3) Sameiginlegir fræðslufundir.

## **2. Skólanámskrá – stefna, markmið, inntak náms og námsmat (5)**

Undir STEFNU féllu eftirfarandi þættir (4):

- Árlegur fundur þar sem farið er yfir stefnu skólans og hvort markmiðum hafi verið náð. Nýtt fyrir næsta skólaár.
- Árlegir stefnumótunarfundir með foreldrum, kennurum og stjórnendum, innan árgangs, skólastigs o.s.frv.
- Þátttaka í stefnumótun, faglegu starfi og skólanámskrá.
- Stefnumótunarfundur (árlegur).

Undir MARKMIÐ kom eftirfarandi þáttur (1):

- Eftirlit (foreldra) með því hvort skóli nái markmiðum.

## **3. Starfsáætlun (4)**

Undir SKIPULAG féllu eftirfarandi þættir (4):

- Gott upplýsingaflæði; fólk vill koma fram með sitt álit. Koma skilaboðum á framfæri – að álit foreldra og skoðanir eru nauðsynlegar.
- Sértek hlutverk; 1) Skólaasetning, 2) Komi að sérverkefnum, 3) Gerð skóladagatala, 4) Móttaka nýrra nemenda – sendiherra foreldra, 5) Foreldrasvæði á heimasíðu í höndum foreldra.
- Hafa fulltrúa foreldra varðandi skipulagsvinnu; 1) Stefnumót, 2) Félagsmiðstöð, 3) Skólafrístund, 4) Nefndir.

#### 4. Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (1)

- „Fljúgandi teppi“. Unnið út frá því að hver nemandi kynnir sig (sitt og sína) (Hópefli).


#### 5. Umbótaaðgerðir – þróunarstarf (1)

- Foreldrar og nemendur tiki þátt í frammistöðumati á kennurum, námsefni og námsaðferðum.

#### 4.4 Hvað myndi gera þig stolta/n af Álfhólsskóla?

Þátttakendur voru beðnir að sjá fyrir sér forsíðufrétt í dagblaði þar sem fjallað er um Álfhólsskóla. Fréttin fær hjartað til að slá örur af stolti og gleði fyrir hönd skólans – Álfhólsskóla. Hvaða forsíðufrétt er þetta sem vekur þessa tilfinningu?

Þátttakendur skiluðu hver fyrir sig einni tillögu að forsíðufrétt. Niðurstöðurnar er flokkaðar samkvæmt matsþáttum kafla 1.4 (sjá mynd 15). Flestir þættir komu undir *Nám og námsárangur* (1. Nám og námsárangur).



**Mynd 15 Röðun svara foreldra við spurningunni: Hvað myndi gera þig stoltan af Álfhólsskóla? eftir efnisflokkum**



## **1. Nám og námsárangur (20)**

Samræmd próf, PISA (8)

- Álfhólsskóli með bestan árangur í samræmdum prófum enn eitt árið.
- Álfhólsskóli var með hæstu meðaleinkunn í samræmdum prófum 10. bekkjar.
- Álfhólsskóli verðlaunaður fyrir framúrskarandi árangur í samræmdum prófum 10. bekkjar.
- Árangurinn sem barnið mitt var í náði besta árangri í samræmdum prófum.
- Álfhólsskóli með besta námsárangurinn í samræmdum prófum yfir landið.
- Álfhólsskóli kom bestur út úr öllum samræmdum prófum og PISA á landinu á öllum aldurstigum - þrátt fyrir tvær sérdeildir.
- Álfhólsskóli hæstur allra skóla í PISA 2020!
- PISA - 3ja árið í röð.

Skólaeinkunnir, námsárangur (6)

- Hæsta meðaleinkunn nemenda.
- Nemendur Álfhólsskóla stóðu sig best á vorprófunum!
- Hæstar einkunnir á landinu í stærsta skóla landsins.
- Framúrskarandi námsárangur Álfhólsskóla eftir breytingar á uppsetningu skólans.
- Nemendur í Álfhólsskóla eftirsóttir meðal framhaldsskólanna.
- Nemendur í Álfhólsskóla skara fram úr í almennri námsgetu.

Stærðfræði, raungreinar (2)

- Nemendur Álfhólsskóla unnu 1. verðlaun í Evrópukeppni í raungreinum.
- Nemendur Álfhólsskóla lentu í 1. sæti í stærðfræðikeppni Norðurlanda.

## **2. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (12)**

Ánægja (3)

- Nemendur Álfhólsskóla ánægðustu nemendurnir.
- Nemendur Álfhólsskóla ánægðastir í skóla af skólum landsins.
- Könnun gerð í grunnskólum landsins: Mesta ánægja nemenda í Álfhólsskóla.

Líðan (4)

- Best líðan nemenda í Álfhólsskóla.
- Vellíðan nemenda og námsárangur helst í hendur.
- Nemendur standa vörð um andlega líðan hinna.
- Mikill metnaður og samstarf hjá starfsfólki og nemendum skilar sér í námsárangri og vellíðan.

Samkennd, vinátta (3)

- Samskiptahæfni nemenda Álfhólsskóla vekur athygli á heimsvísu vegna tjáningarfærni, samheldni og vináttu.

- Félagslega sterkasti skóli landsins.
- Álfhólsskóli frægur fyrir samkennd og umburðarlyndi. Eineltislaus skóli.

#### Sjálfbóðaliðastarf (1)

- Nemendur úr Álfhólsskóla unnu gott sjálfbóðaliðastarf við fjáröflun vegna fátæktar á Íslandi.

#### Reyk- og vímuefnalaus skóli (1)

- Álfhólsskóli reyklaus og vímuefnalaus skóli.

## **2. Starfsáætlun – skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta (8)**

#### Einelti (4)

- Álfhólsskóli hefur útrýmt einelti.
- Hart tekið á einelti. Einelti líðst ekki í Álfhólsskóla.
- Eineltislaus skóli.
- Álfhólsskóli skarar fram í því að þar þrífst ekkert einelti.

#### Fjölmening, stoðþjónusta (3)

- Álfhólsskóli nær frábærum árangir í starfi með nýbúum og börnum með sérþarfir samkvæmt OECD.
- Álfhólsskóli hlaut verðlaun fyrir fjölmeningarstarf sitt innan skólans.
- Álfhólsskóli er leiðandi skóli í móttöku nýbúa. Rasismi hefur minnkað mikið og börn af erlendu bergi eru eðlilegur og sjálfsaður partur skólans.

#### Fáir nemendur í bekk (1)

- Skóli með fáa nemendur í bekk.

## **3. Viðmót og menning skóla (5)**

- Allir glaðir í Álfhólsskóla.
- Álfhólsskóli á ánægðustu nemendurna, starfsfólkið og foreldrana samkvæmt íslensku ánægjuvuginni.
- Starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur vinna saman í sátt og tryggja að allir nemendur njóti sín í námi og kennarar mæti glaðir til vinnu að morgni.
- Álfhólsskóli hlýtur „Stóra skólabíkarinn“ 3ja árið í röð! Álfhólsskóli er í 1. sæti bæði nemenda, foreldra og kennara yfir þann grunnskóla sem varð fyrir valinu. Þetta er ekki að ástæðulausu því skólinn hefur skorað hæst í starfsánægju, ánægju nemenda og góðum árangri nemenda undanfarin 3 ár.
- Ásókn í Álfhólsskóla - færri komast að en vilja. Álfhólsskóli eftirsóttur meðal kennara.

#### **4. Skólanámskrá - stefna, markmið, inntak náms, námsmat (3)**

- Markvisst innra starf í Álfhólsskóla - öllum markmiðum náð.
- Álfhólsskóli með betri skólum landsins.
- Framúrskarandi skólastarf í Álfhólsskóla. Eftir gagngerar breytingar á kennsluháttum og stjórnun.

#### **5. Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska (2)**

- Álfhólsskóli fær verðlaun Evrópusambandsins fyrir að hafa þróað nýjar kennsluaðferðir sem gefa mun meiri árangur en áður hefur þekkt.
- Álfhólsskóli er með bestu kennara á Íslandi.

#### **6. Aðbúnaður (2)**

- Fyrsti pappírslausi skólinn. Allir nemendur með I-pad og þar er allt námsefni á einum stað.
- Álfhólsskóli: Orðinn hátækni grunnskóli.

#### **7. Samstarf heimila og skóla (1)**

- Álfhólsskóli skarar fram úr brautryðjandi samstarfi - nemenda - kennara - foreldra.

#### **8. Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélag (1)**

- Hópur nemenda, kennara og foreldra í Álfhólsskóla vann "SKREKK" - hæfileikakeppni grunnskólanna í ár!

#### **9. Umbótaáðgerðir – þróunarstarf (1)**


- Hugmyndasetur Álfhólsskóla sett á stofn í öllum grunnskólum landsins.

#### **10. Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma (1)**

- Skóli sem heldur fjárhagsáætlun.

## 4.5 Hvaða skilaboðum vilt þú koma til stjórnenda?

Einstaklingar skiluðu hver fyrir sig skilaboðum til stjórnenda. Þau voru flokkuð í matsflokka skv. kafla 1.4. (sjá mynd 16) og undirflokka eftir því sem við átti. Fjöldi atriða sem fram komu í hverjum lið er í sviga fyrri aftan hvern flokk/þátt.



Mynd 16 Röðun svara foreldra við spurningunni: *Hvaða skilaboðum vilt þú koma til stjórnenda?* eftir efnisflokkum

### 1. Starfsáætlun (21)

Skipulag (4)

- Skipuleggja foreldraviðtöl með góðum fyrirvara.
- Meiri og markvissari notkun á Mentor.is.
- Standið við fyrri loforð í sameiningarferlinu.
- Notið ykkur ný skólalög.

Upplýsingargjöf (13)

- Bætið upplýsingaflæði til foreldra (2).
- Upplýsið foreldra.
- Aukið/eflið upplýsingaflæðið til foreldra. (2).
- Eins mikið og mér finnst þið frábær, þá finnst mér vanta meiri samþjöppun og upplýsingar frá ykkur. Knús og kyss :-)
- Markviss upplýsingagjöf varðandi: 1) Námsefnið, 2) Árangur nemenda, 3) Eineltisáætlun.
- Vera sýnilegir - þarf ekki flókin fréttabréf og þ.h. til að koma upplýsingum á framfæri.

- Bætið samskipti.
- Komið heimasíðu í lag.
- Breyta heimasíðu - STRAX
- Bætið heimasíðu.
- Setja námskrá fyrir hvern og einn árgang skýrt á heimasíðu.

#### Verkferlar (3)

- Ekkert einelti.
- Kennarar opni tölvupóstinn sinn daglega.
- Niður með einelti.

#### Stoðþjónusta (1)

- Alþjóðadeild ekki nýbúadeild.

## **2. Samstarf heimila og skóla (18)**

#### Samstarf (16)

- Komið á meira samstarfi við foreldra.
- Meiri samvinna starfsfólks, nemenda og foreldra.
- Meiri samvinnu á milli foreldra og skólastjórnenda.
- Auka samstarf milli kennara og foreldra.
- Það sýnir styrkleika að leita eftir samvinnu og samstarfi við foreldra.
- Með góðu samstarfi heimilis og skóla næst bestur árangur.
- Foreldrar eru vannýtt afl - saman vinna allir best.
- Virkið foreldra.
- Hafið foreldra með í ráðum - við getum hjálpað til.
- Halda áfram góðri samvinnu á milli foreldra og skóla.
- Gagnkvæm samskipti, skoðanaskipti.
- Skólinn er fyrir börn og foreldra.
- Vera aðgengilegri. Opna skólahúsnæðið fyrir foreldrum eftir kl. 17:00.
- Skólastjóri (opinn huga): Taki vel í hugmyndir nemenda og foreldra.
- Treystið foreldrum.
- Koma til móts við þarfir foreldra.

#### Foreldrafélagið (2)

- Vinna betur með foreldrafélaginu.
- Skipuleggja skólastarfið með foreldrafélaginu. Foreldrafélagið komi að skipulagningu.

### **3. Viðmót og menning skóla (10)**

Sýnileiki (4)

- Verið sýnileg (2)
- Verið aðgengilegri.
- Stjórnendur „mingla“ við nemendur og foreldra.

Hrósa (2)

- Hrósa nemendum og kennurum.
- Hrósa nemendum, kennurum og öðru starfsfólki.

Góð gildi (2)

- Efla gildi náungakærleiks.
- Reyna að auka gleði og jákvæðni í skólastarfi. Fara út fyrir rammann.

Metnaður (2)

- Skapið framúrskarandi skólamenningu og skólabrag - að vita meir en í gær
- Nýta krafta allra í skólastarfi.

### **4. Skólanámskrá – stefna, markmið, inntak náms, námsmat (9)**

Stefna, markmið (9)

- Skýr markmið varðandi nám og stefnu skólans.
- Hver eru gildi skólans.
- Gerið starfið markvisst og árangursríkt.
- Setja skólanum mælanleg markmið sem farið verði yfir í apríl/maí.
- Mikilvægt að virkja foreldra og starfsfólk við stefnumótun skólans.
- Leggið fram ykkar áætlun um ykkar skóla- og menntastefnu.
- Setja markmið og skilgreina markmið að þeim.
- Kynnið ykkar framtíðarsýn.
- Lýsið metnaði ykkar.

### **5. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (9)**

Þarfir (4)

- Hrósa nemendum – virkar vel.
- Ekki láta nemendur týnast í fjöldanum.
- Aukin samskipti við nemenda.
- Hamingjusöm börn = Árangur.

Starfsandi (5)

- Vera jákvæðari gagnvart nemendum.
- Nýta það frábæra afl sem býr í nemendum á öllum aldri.
- Gefa kost á sér í samskipti við nemanda.

Samstarf (5)

- Auka samstarf milli bekkja í árgöngum.
- Samræma/samvinna innan árganga.

## **6. Umbótaáðgerðir – þróunarstarf (5)**

- Góðir kennarar eru það sem skiptir öllu máli. Þarf gæðaeftirlit bæði frá börnum og foreldrum. Góðir kennarar miðli til hinna., þ.e. svo þeir geti bætt sig.
- Kynnið ykkur bestu skóla lansins - Lærið af öðrum.
- Aukið innra mat og sýnileika skólustarfsins til foreldra.
- Uppfæra námsefni og velja betur hvað er lagt fyrir nemendur.
- Taka mið af aldri t.d. með könnunum/spurningablöðum sem sent er heim fyrir foreldraviðtöl.

## **7. Kennsla (5)**

Fjölbreytni (4)

- Fjölbreytta kennslu, s.s. salsa, afró, samkvæmisdansa, þjóðdansa, hipp-hopp, break ofl. Hefur mikil áhrif á samskipti kynjanna.
- Hafa danskennslu (foreldrafélagið geti etv. tekið þátt í kostnaði).
- Setja sjálfböðastarf á námskrá sem valáfanga.
- Þarf að aðlaga námið að einhverju leiti þannig að að höfði líka til *stráka*.

Aðferðir (1)

- Samræma kennsluáðferðir og birtingu heimanáms í Mentor innan árganga.

## **8. Aðbúnaður (3)**

Matur (1)

- Hollari og næringarríkari matur.

Öryggi (2)

- Öryggi í skóla, á leið úr skóla og leið í skóla.
- Gangbrautarverðir jafn öflugir og í byrjun skólaárs.

## **9. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf (2)**

- Hvetja til þverfaglegs samstarfs.
- Kennarar tali saman og samræmi áðgerðir sín á milli.

## **10. Stjórnun (1)**

- Stýra breytingum í skólustarfinu.

### **11. Ytri tengsl (1)**

- Opna skólaskrifstofuna gagnvart nemendum og foreldrum.

### **12. Ráðstöfun fjármagns (1)**

- Aukin gæsla úti sem inni.

### **Annað:**

- Þið standið ykkur vel.
- "You go girl!" :-)
- Gangi ykkur vel!
- Áfram, stolt af ykkar starfi. "Keep up the good work".
- Opnið ykkur.



## 5 Viðhorfskönnun – Foreldrar

### 5.1 Kynning

Við undirbúning stefnumótunarfundar með foreldrum var ákveðið var að fá fram viðhorf foreldra til fundarins með rafrænni viðhorfskönnun, sem send yrði á alla þátttakendur fundarins 14. mars 2011. Fyrirhuguð viðhorfskönnun var kynnt fyrir þátttakendum í lok fundar.

### 5.2 Framkvæmd

Verkefnastjóri samdi spurningar og fékk tvo foreldra úr þátttakendahópnum til að lesa þær yfir, gagnrýna og koma með ábendingar. Val og orðalag spurninga er afrakstur þessar samvinnu foreldra og verkefnastjóra. Könnunin samanstóð af átta beinum spurningum með fimm svarmöguleikum auk ritaðra athugasemda. Níunda spurningin var opin spurning þar sem foreldrum gafst kostur á að koma ábendingum til stjórnenda varðandi þátttöku foreldra í áframhaldandi stefnumótunarfundinn skólans (sjá kafla 6).


Könnun var sett upp í könnunarforritið Survey Moneky (<http://www.surveymonkey.com>) og send út til þátttakenda ellefu dögum eftir stefnumótunarfundinn, eða 25. mars. Fyrsta ítrekun var send 28. mars, einungis á þá þátttakendur sem ekki höfðu svarað, eða 24 foreldra og önnur ítrekun var send út 1. apríl á þá tólf þátttakendur sem enn höfðu ekki svarað. Úr þeim hópi svararaði einn til viðbótar. Könnuninni var endanlega lokað eftir páskafrí, þann 28. apríl og unnið úr niðurstöðum. Framkvæmd og eftirfylgni könnunar var í höndum verkefnisstjóra.

### 5.3 Þátttaka

Af þeim 46 foreldrum sem tóku þátt í stefnumótunardegi Álfhólsskóla 14. mars voru alls 35 sem svöruðu könnuninni eða 76%, sbr. mynd 17.

### 5.4 Úrvinnsla

Verkefnastjóri Álfhólsskóla bar ábyrgð á úrvinnslu könnunarinnar og framsetningu niðurstaða. Í kafla 6 er gerð grein fyrir niðurstöðum hvernar spurningar fyrir sig ásamt öllum skriflegum athugasemdum.




**Mynd 17 Fjöldi og hlutfall þátttakenda í viðhorfskönnun til foreldra um stefnumótunarfundinn 14. mars 2011**

### 5.5 Kynning á niðurstöðum

Verkefnastjóri kynnti niðurstöður viðhorfskönnunarinnar með niðurstöðum stefnumótunarfundinnar 14. mars á aðalfundi foreldrafélags Álfhólsskóla þann 17. maí 2011. Um 25 foreldrar sátu þann fund.

## 6 Niðurstöður viðhorfskönnunar

### 1. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með það hvernig stefnumótunarfundur með foreldrum var kynntur fyrir foreldrum?




Rétt innan við 80% svarenda voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með kynningu fundarins fyrir foreldrum. Þrír foreldrar (9%) voru frekar óánægðir og fimm foreldrar hvorki ánægðir né óánægðir (14%).

### Annað sem þú vilt taka fram varðandi kynningu á fundinum fyrir foreldrum?

- Hefði mátt senda upplýsingar um framkvæmd fundarins t.d. að farið yrði í SVÓT greiningu til þátttakenda fyrir fundinn.
- Hefði mátt koma fram hvað ætti að gera á fundinum þannig að hægt hefði verið að undirbúa sig betur.
- Hefði mátt útskýra hvernig þessi vinna færi fram í tölvupósti fyrir fundinn. Það hefði átt að boða til fundarins með meiri fyrirvara.
- Það var seint auglýst, tímasetning var ekki góð.
- Frekar tilviljanakennd dreifing á auglýsingunni á meðal foreldra. Hefði mátt gera þá ábyrgari með því að virkja fulltrúa foreldra í skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, bekkjarfulltrúa og kennara.
- Það hefði mátt gera smá samantekt um efni síðasti fundar og senda með fundaboði.

## 2. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með tímasetningu stefnumótunardags með foreldrum 14. mars (16:30 – 19:00)



Mikill meirihluti þeirra sem svara voru mjög ánægðir eða frekar ánægðri með tímasetningu fundarins, eða 80%.


Tveir foreldrar voru frekar óánægðir (6%) og eitt foreldri var mjög óánæggt (3%).

Fjórir foreldrar voru hvorki ánægðir né óánægðir (11%).

### Annað sem þú vilt taka fram varðandi tímasetningu fundarins?

- Fundurinn hófst of snemma. Margir í vinnu til kl. 17:00.
- Alltaf erfitt að finna tíma sem hentar öllum en fundinum lauk a.m.k. á réttum tíma.
- Hefði mátt vera lengri.
- SVÓT vinna tekur meiri tíma og í raun ætti minnst einn dagur að fara í svona starf, þ.e. á laugardegi, kynnt með mjög góðum fyrirvara (6 vikur).
- Tímasetning í lagi þar sem þetta var sniðið að foreldrum. Ég hefði þó verið tilbúin að vera fyrr að deginum þ.e. á vinnutíma kennara, til að hægt hefði verið að halda sameiginlegan fund foreldra og starfsfólks.
- Skipulagsdagur í skóla og leikskóla þennan dag þannig að ég var með börn heima. Tímasetningin 16:30 var of snemma þar sem ég átti erfitt með að fá pössun. Hefði verið betra eftir kl. 17:30.

## 3. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með það utanumhald og þá stjórnun sem var á fundinum 14. mars?



Nær allir svaendur voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með utanumhald og stjórnun fundarins, eða 92%.


Eitt foreldri var frekar óánæggt (3%) og tveir foreldrar hvorki ánægðir né óánægðir (6%).

### Annað sem þú vilt taka fram varðandi stjórnun fundarins.

- Fundurinn hefði átt að byrja á réttum tíma.
- Vantaði inngangserindi um hlutverk/virkni foreldra í skólastarfi og mikilvægi þess að foreldrum sé gert kleift að koma að ákvarðanatöku sem varða breytingar á skólastarfi, hvað þá sameiningu tveggja skóla.
- Í ljósi lítillar kynningar á fundinum fyrirfram (markmiðum, tilgangi og eftirfylgni) hefði mátt fara betur yfir það í upphafi þannig að allir væru á sömu blaðsíðu.
- Mér fannst vanta að fá að taka umræður í hópi fyrir og á meðan SVÓT greining stóð. Ástæða, ekki allir sem eru vanir að vinna SVÓT greiningu og ég hef áhyggjur að foreldrar af erlendum uppruna eigi erfitt með að vinna þessa vinnu án aðstoðar.
- Mér fannst reyndar frekar mikil pressa á fundagestir, það var lítið rými fyrir fólk til að hugsa.

### 4. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með eftirfarandi fimm spurningar sem unnið var með á fundinum 14. mars?


#### Spurning 1: Hvaða styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri sérð þú í starfi Álfhólsskóla í dag?



Nær allir þeir sem svara voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með SVÓT vinnuna eða 94%.

Tveir foreldrar (6%) voru hvorki ánægðir né óánægðir og enginn var frekar- eða mjög óánægður.


#### Spurning 2: Hvernig hefur sameiningin gengið? Hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara?



Nær allir þeir sem svara voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með að fá að svara spurningunni um hvernig sameiningin hafi gengið eða 94%.

Eitt foreldri var hvorki ánægð né óánægð (3%) og eitt er mjög óánægð (3%).

### Spurning 3: Hvernig sjáum við foreldra koma að starfi skólans?




Allir, utan einn (97%) voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með spurninguna um aðkomu foreldra að starfi skólans.

Eitt foreldri var hvorki ánægð né óánægð (3%).

Ekkert foreldri var frekar- eða mjög óánægð.


### Spurning 4: Hvaða umjöllun um Álfhólsskóla í „dagblaði“ gerir þig stolta/stoltan?



Meirihluti þeirra sem svara voru frekar ánægðir eða mjög ánægðir með spurninguna um dagblaðsfréttina, eða 74%.

17% voru hvorki ánægðir né óánægðir og 9% frekar óánægðir (eitt foreldri) eða mjög óánægðir (tveir foreldrar).

### Spurning 5: Hvaða skilaboðum vilt þú koma til stjórnenda?




Nær allir svarendur voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með að geta komið skilaboðum til stjórnenda á stefnumótunarfundinum, eða 94%.

Tveir foreldrar (6%) voru hvorki ánægðir né óánægðir. Enginn var frekar- eða mjög óánægður.

### Annað sem þú vilt taka fram varðandi viðfangsefni fundarins?

- Hefði verið gott að fá þessar spurningar aðeins fyrir fundinn til að geta hugsað betur um þær og undirbúið sig. Maður man oft eftir einhverju eftirá sem maður hefði viljað koma á framfæri eða svara öðruvísi.
- Vegna tímaleysis væri betra að halda sig við eitt til tvö viðfangsefni.

### 5. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með umræður sem fóru fram á þínu borði?




Mikill meirihluti svarenda voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með umræður sem fram fóru í sínum hópum.

Fjórir foreldrar voru hvorki ánægðir né óánægðir (12%) og eitt foreldri (3) er frekar óánægð.

### Annað sem þú vilt taka fram varðandi hópastarfið?

- Fólk ekki tilbúið í þessar umræður.
- Allt of lítt tími.
- Hefði þurft að vera stjórnandi á hverju borði. Umræðan var ekki sérlega markviss og fór fljótt út í mitt barn - þetta og hitt.
- Hefði viljað fá tækifæri fyrir umræður í hópi í upphafi og á meðan SVÓT greiningu stóð.

### 6. Hversu skýr eða óskýr voru markmið stefnumótunardags með foreldrum 14. mars síðastliðnnn?



Mikill meirihluti svarenda telur að markmið fundarins hafi verið mjög skýr eða frekar skýr, eða 83%. Flestir af þeim segja að markmiðin hafi verið frekar skýr (66%) en færri að þau hafi verið mjög skýr (17%).


Tveir foreldrar telja að markmiðin hafi verið frekar óskýr og mjög óskýr (6%) og fjórir foreldrar að þau hafi hvorki verið skýr né óskýr (11%).

### Annað sem þú vilt að komi fram varðandi markmið fundarins?

Hefði mátt kynna betur fyrir fundinn.

- Skólinn er nýr, um það átti þessi fundur að fjalla eingöngu og hvernig foreldrum verði best hleypt að ákvarðanatökum um markmið og leiðir í skólastarfi og hverfi.

## 7. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að niðurstöður stefnumótunarfundarins 14. mars með foreldrum verði nýttar í innri vinnu skólans?




Meirihluti svarenda telja mjög líklegt eða líklegt að niðurstöður fundarins verði nýttar í innri vinnu skólans, eða 68%.

20% svarenda telja það hvorki líklegt eða ólíklegt (7 foreldrar) og 12% telja það frekar- eða mjög ólíklegt (4 foreldrar).

### Annað sem þú vilt taka fram varðandi niðurstöður fundarins?

- Mikil tækifæri liggja í svörunum sem gott er fyrir skólann að nýta. Myndi vilja sjá aðgerðirnar út úr niðurstöðunni sýnilega foreldrum.
- Það þarf markvissari kynningu á niðurstöðum fundarins.
- Miða við sameinigarferlið.
- Mikilvægt að niðurstöður fundarins verði kynntar fyrir foreldrum ásamt niðurstöðum af sambærilegum fundi kennara og starfsfólks.
- Ég svara í efsta stigi því ég treysti því að niðurstöðurnar verði nýttar ;o)
- Reynslan af samskiptum og stöðu foreldra í sameiningarferlinu frá A-Ö.
- Mér heyrir á öllu og vil treysta því að þetta verði nýtt inn í skólastarfið. Líst vel á þetta matsteymi sem skipa á.
- Sumt sem kom fram á fundinum er hægt að fara að vinna í strax og óþarfi að bíða eftir niðurstöðum af fundinum. Þau atriði þurfa strax að komast áfram til skólastjórnenda og annarra sem koma að þessum málunum innan skólans og hjá bæjaryfirvöldum.
- Vil ekki trúa öðru!

## 8. Hversu miklu eða litlu máli skiptir það þig að stefnumótun skólans sé unnin með foreldrum.



Allir svarendur telja það skipta þá mjög miklu eða frekar miklu máli að stefnumótun skólans sé unnin með foreldrum. 91% telja að það skipti sig mjög miklu máli og 9% frekar miklu máli.

## Annað sem þú vilt taka fram varðandi þátttöku foreldra í stefnumótun skólans?

- Gaman væri að við fleiri foreldrar létu sjá sig.
- Foreldrar þurfa að sjá staðfestingu á því að þessi vinna skili einhverjum árangri en týnist ekki í pappírsvinnu og skýrslum.
- Annað sem þú VILLT taka fram.... Öflugt foreldrastarf byggist á góðum samskiptum milli ALLRA foreldra. Þessi stefnumótunarvinna þarf því að ná til ALLRA foreldra, fyrr eða síðar.
- Ég held að aðkoma foreldra í stefnumótun skipti miklu bæði fyrir foreldra og fyrir skólann. Foreldrar finni að þeir geti haft áhrif og að á þá sé hlustað. Það eykur virkni þeirra í foreldra- og skólastarfinu og það skilar sér áfram til barnanna. Reynsla, þekking og stuðningur foreldra, sem koma héðan og þaðan úr þjóðfélaginu, getur ekki annað en gagnast við mótun góðs skóla.
- Hefði mátt byrja fyrr, t.d. taka fyrsta fund á haustdögum og annan fund á vordögum.

## 9. Hvaða ábendingum vilt þú koma til stjórnenda varðandi þátttöku foreldra í áframhaldandi stefnumótunarvinnu skólans?


Alls skiluðu 19 aðilar inn ábendingum til stjórnenda. Þær voru flokkaðar eftir áhersluatriðum þannig að sumar ábendingar fóru í fleiri en einn flokk. Allar ábendingar voru flokkaðar tvennt:

- A. Ábendingar sem varða stefnumótunarfundinn 14. mars 2011.
- B. Aðrar ábendingar.



## A. Ábendingar sem varða stefnumótunarfundinn 14. mars:

Greining á niðurstöðum þessa þáttar sýnir að flestar ábendingar falla undir framkvæmd og skipulag (9), sjá mynd 18.



Mynd 18 Röðun ábendinga foreldra varðandi stefnumótun

### Framkvæmd og skipulag (9)

- Undirbúa foreldra til að stýra hópavinnu.
- Kynna spurningar fyrir þátttakendum fyrir fundinn þannig að allir geti komið vel undirbúnir.
- Það er spurning um að raða þátttakendum í hópa eftir því í hvaða bekk (stigi) nemendur viðkomandi foreldris eru.
- Setja skýrari markmið, ferli og tíma.
- Að einnig séu reglulega haldnir sambærilegir fundir þar sem bæði foreldrar og starfsmenn skólans séu saman á fundi.
- Halda áfram að bjóða upp á þátttöku foreldra og vera sátt við þann fjölda sem melder sig.
- Það voru mér mikil vonbrigði þegar kom fram í fundarboðun að einungis foreldrar ættu að sitja þennan stefnumótunarfund því að alltaf hafði verið talað um að þessi stefnumótunarfundur ætti að vera með sama sniði og í apríl 2010 þ.e. bæði foreldrar og starfsfólk skólans. Ég var þó ánægð (með) hvernig til tókst með þennan fund einungis með foreldrum. En ég vonast til að næst þegar haldinn verður stefnumótunardagur, sem vonandi verður fljótt á næsta skólaári, fái starfsfólk, foreldrar og jafnvel nemendur að koma saman og vinna saman að því að byggja upp enn betri skóla. Einn aðalkostur fundarins sl. vor var sá að þar voru leiddir saman ólíkir hópar sem ekki hafa annars tækifæri til að hittast, ræða saman og hlusta á sjónarmið hvers annars. Útkoman úr hópavinnu verður mun einsleitari þar sem hver hópur er tekinn sér, en ef allir þessir aðilar fá að hittast,

ekki síst að hittast í annað sinn í stefnumótunarvinnu. Einnig finnst mér vanta að heyra frá foreldrum barna nýbúadeildar og þeir fái að koma að stefnumótunarstarfinu.

- Allt skipulag á fundinum til fyrirmyndar.

### **Nýting og kynning á niðurstöðum stefnumótunarfundar (7)**

- Mjög mikilvægt að koma niðurstöðum þessara funda áfram til foreldra.
- Gott væri ef vinna foreldra varðandi stefnumótun hyrfi ekki og hægt yrði að fylgjast með áframhaldandi vinnu. Hætta er alltaf á að sameiginlega vinna eins og þessi skili sér ekki inn á skólasterfi. Ef bilið milli skóla og samfélag á að minnka verður að taka meira tillit til radda heimila, sérfræðingarnir eru ekki bara öðru megin við borðið.
- Að þessi stefnumótun sem og vinna kennara verði notuð í framtíðarstefnu skólans. Gott starfsfólk og virkir foreldrar eru forsendan fyrir hag og framtíð nemenda.
- Upplýsingar um fundinn og ferlið allt saman þurfa að berast foreldrum.
- Aðgerðalisti þarf að vera til þannig að fólk sjái að vinnan skilar sér.
- Að nýta vel þessar upplýsingar sem fram komu á fundinum og láta foreldra finna það að sú vinna sem fram fór á fundinum skipti máli og sé nýtt í skólasterfinu.
- Haldið áfram samvinnu við foreldra, kynnið vel niðurstöður stefnumótunarvinnunar á vef skólans og með pósti til foreldra. Þá sjá foreldrar ávinninginn af því að taka þátt.

### **Þátttaka foreldra (5)**

- Þótti leitt að sjá hvað fáir foreldrar mættu.
- Eitt sem olli mér þó vonbrigðum og það var, hvað það mættu fáir foreldrar m.v. allan þann fjölda nemenda sem eru við skólann.
- Mikilvægt að innvinkla foreldra í starfið og hafa slíka stefnumótunarvinnu.
- Mjög mikilvægt að við fáum að taka þátt.
- Þar sem aðeins brot af foreldrum mætti á þennan fund fyndist mér góð hugmynd að útbúa spurningalista og senda á allra foreldra og leita eftir hugmyndum og athugasemdum um starf skólans.

### **Tímasetning (2)**

- Velja betri tíma.
- Að fundirnir verði haldnir utan hefðbundins vinnutíma t.d. eftir kl. 17:00.

### **Kynning og undirbúningur (2)**

- Hafa meiri fyrirvara.
- Það hefði mátt kynna ferlið betur þar sem langt hefur liðið á milli funda.

## **B. Aðrar ábendingar**

### **Sýnileiki stjórnenda (1)**

- Vera sýnilegar í daglegu starfi líka þegar foreldrar hittast og taka vel á móti þeim inn í skólann svo þeim finnst þeir vera velkomnir og mikilvægir :)

### **Upplýsingastreymi til foreldra/ foreldrafélags (2)**

- Haldið sömu stefnu og látið foreldra finna og vita gegnum póst eða í fréttabréfi að "við" SKIPTUM MÁLI og ekki spara hrós, fólk gengur miklu meira fyrir hrósi en haldið er.
- Líka að hafa foreldrafélagið vel upplýst, að stjórnendur þar finni mikilvægi sitt, það hvetur þau áfram í virkni og bekkjarfulltrúar gætu líka nýst, hvernig?

### **Nýta reynslu annarra**

- Takið líka reynslu annarra skóla þar sem vel hefur tekist og "hermið" aðferðir, þið þurfið ekki finna upp hjólið.